Gefið út af Sambandi íslenskra framhaldsskólanema • Dreift frítt í alla framhaldsskóla landsins

FRAM HALDS SKÓLA BLAÐIÐ

SEPTEMBER 2017

1. tölublað
Skólaárið 2017/18

Tungumálið gerir það sem það vill

14-18

SJÁLFBOÐALIÐI Á RIFF

6

PARATATTÚ

8

FÓLKIÐ Á BAK VIÐ BLAÐIÐ


Helgi Albert Reinharðsson

Sigmundur Jökull Áskelsson

Sigrún Birna Steinarsdóttir

Silja Snædal Drífudóttir

Sólrún Bára Garðarsdóttir

Sölvi Halldórsson


Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir

Þórhildur Elísabet Þórsdóttir

Ljósmyndarar

Karólína Sigríður Guðmundsdóttir

Hlökk Þrastardóttir

samband íslenskra framhaldsskólanema

Framhaldsskólablaðið 1. tölublað, skólaárið 2017/18
Útgefandi: Samband íslenskra framhaldsskólanema (neminn@neminn.is)
Útgáfustjóri: Guðmundur Rúnar Svansson (ábm.) (grs@neminn.is)
Prentun: Landsprent.

Leiðari: Margrét Erla Þórsdóttir, ritstýra Framhaldsskólablaðsins

Kæru framhaldsskólanemar

Nú er komið haust. Það þýðir að það séu um það bil tíu mánuðir í að við getum klæðst stuttbuxum á ný. Það þýðir að nú í kjölfar skólasetningar muni koffíndrykkja okkar aukast óhófsamlega mikið. Það þýðir að brátt taki við árlega baráttan við skammdegisþunglyndið. Það þýðir líka að nú muni tré landsins fella lauf, eitthvað sem við höfum fyrir löngu gætt rómantískum blæ þó það sé í raun ekkert gríðarlega fallegt, og það þýðir að nú eftir sumarlangan dvala komi út nýtt Framhaldsskólablað, búið til af nýrri ritstjórn. Ég átta mig ekki á því hversu spennt þið eruð fyrir öllum ofantöldum hlutum en ég get tjáð mína skoðun. Misspennt. Ég er rosalega misspennt. Komandi veðurfarsbreytingar munu ekki veita mér mikla hamingju en ég get fullyrt að ég er spennt fyrir útgáfum Framhaldsskólablaðsins.

Ég vona að við komumst öll í gegnum veturinn saman, enda ættum við fyrir löngu að vera orðin vön honum. Og viti menn. Kannski verður árið í ár árið sem ég uppgvöta fegurðina í skammdeginu.

Njótið fyrsta Framhaldsskólablaðs skólaársins. Svo er gott að vekja athygli á að Framhaldsskólablaðið er unnið af framhaldsskólanemum, fyrir framhaldsskólanema. Ef þú hefur áhuga á, eða veist um einhvern sem hefði áhuga á, að taka þátt í þessu starfi er öllum heimilt að senda umsókn á eftirfarandi netfang: margreterla@neminn.is.

Sólskinskveðjur (smá ironía í þessu),
Margrét Erla, ritstýra

> **Ég vona að við komumst öll í gegnum veturinn saman, enda ættum við fyrir löngu að vera orðin vön honum.**

Í þessu blaði...

Keypti miða aðra leiðina til Íslands

Fyrir rúmlega hálfu ári síðan lét hin eistneska **Gamithra Marga** til skarar skríða og flutti til Íslands.



SÍF eru hagsmunasamtök íslenskra framhaldsskólanema og heildarsamtök nemendafélaga í 29 framhaldsskólum af landinu öllu. Skrifstofa SÍF er í Hinu Húsinu í Pósthússtræti 3-5, 101 Reykjavík. Heimasíða SÍF er www.neminn.is. Framhaldsskólablaðinu er dreift í alla framhaldsskóla landsins. Því er einnig dreift í alla háskóla landsins og í frídreifingu á almenningsstaði á höfuðborgarsvæðinu og í stærri byggðalögum með framhalds- og háskóla. Inni í framhaldsskólunum fer dreifing fram í samstarfi við nemendafélag hvers skóla. Á skólaárinu 2014-2015 verða gefin út fimm tölublöð. Þeim sem vilja birta efni eða taka að sér verkefni fyrir ritstjórn blaðsins geta sent tölvupóst á ritstjori@neminn.is. Þeir sem vilja auglýsa í blaðinu geta sent tölvupóst á grs@neminn.is

Finnst þér skemmtilegra

að vinna með fólki en vélum?

Við leitum að starfsfólki til starfa á Hrafnistuheimilunum.
Hrafnista er vinnustaður þar sem starfsfólki gefst tækifæri til að afla sér reynslu og þekkingar. Lágmarksaldur umsækjenda er 17 ára. Hlutastörf og full störf í boði.

Hæfniskröfur:
- Góð færni í samskiptum
- Sjálfstæði og stundvísi
- Jákvæðni og metnaður í starfi
- Góð íslenskukunnátta

Allar nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu Hrafnistu, www.hrafnista.is
og á heimasíðu Fast ráðninga, www.fastradningar.is.
Umsjón með störfum hefur Lind hjá Fast ráðningum, lind@fastradningar.is og í síma 552-1606.

Hyggja fortíðarinnar

Þórhildur Elísabet Þórsdóttir skrifar

Sjálf hef ég alltaf talið heiminn þægilegri stað þeim minni hætta sem er á að sofa óvart hjá frænda mínum, en það er bara ég. Að vilja afmarka samfélag eftir þjóðerni er alveg gildur kostur líka, ef þú ert hrifinn af sifjaspelli. Sumir eru það. Sumir átta sig ekki alveg á hvað er liðin tíð og hvenær sé komin tími til að leggja hlutina á hilluna. Ekki ólíkt sifjaspelli vil ég meina að þjóðernishyggja sé hyggja fortíðarinnar. Hyggja þess tíma þegar nauðsyn var á að skilgreina þjóðir til að varðveita menningararf. Þetta er nú bara einnar konu skoðun en menning er ríkust þar sem fjölbreytileikinn er mestur. Því gætu næstu skref mannkyns verið að blanda mismunandi hugmyndum og aðferðum frá ólíkum stöðum. Tökum til dæmis Taco Bell, hátind siðmenningarinnar: Taco Bell hefði aldrei orðið til ef Glen Bell, skoskbandarískur maður, hefði ekki heillast af matreiðslu Texas fylkis og Mexíkó. Hugsið ykkur heim án Taco Bell. Óhugsanlegur, í raun og veru. En í stað þess að gera þessa grein fagnaðaróð til Taco Bell (eins og hún svo auðveldlega gæti orðið) ætla ég að pæla aðeins í þjóðernishyggjunni.

Frá því ég var lítil stelpa að hlaupa og hrasa um Laugarnesið hef ég átt mér stóran draum. Draum sem hefur leiðbeint mér í gegnum lífið og gert mig að konunni sem ég er í dag. Sá draumur er og var að kýla nasista. En því miður hafa árin kennt mér eitt og annað. Þar með talið að friðsæl mótmæli eru tvöfalt líklegri til árangurs. Það að mæta ofbeldi með ofbeldi magnar hættuna á því að réttlæta málstað þess sem maður mótmælir. Margir þessara jaðarbundnu hægrisinna vilja meina að samfélaginu sé stillt upp á móti þeim, að hvítir séu kynþáttur í útrýmingarhættu. Þeir líta á sig sem riddara sannleika, með það göfuga markmið að breiða hann út. Öll von er ekki úti því það er samt hægt að mótmæla á skemmtilegan en friðsælan hátt. Þýski hópurinn Hægri Gegn Hægri (Rechts Gegen Rechts) tók upp á því að notfæra sér nýnasistagöngur í Wunsiedel til þess að safna peningum fyrir andfasista hópum. Breytt var venjulegri gönguleið nasistanna í hlaupabraut og hvatningarorð skreyttu göturnar. Fyrir hvern metra sem þeir gengu ætlaði bærinn að gefa 10 evrur sem yrðu að 10.000 evur þegar gangan kláraðist. Peningurinn rann til EXIT-Þýskaland (EXIT-Deutschland) sem aðstoðar fólk í öfga-hægri hópum að koma sér örugglega úr þeim. Þannig breytti bærinn göngu nýnasista í göngu gegn nýnasisma.

Eitthvað sem mér finnst einstaklega heillandi við netið er að ég get alltaf fundið einhvern sem hugsar aðeins eins og ég. Að sama skapi finnst mér ógnvekjandi að menn eins og David Duke, fyrrum forseti KKK, geta einnig alltaf fundið einhvern sem hugsar aðeins eins og þeir. Ég, líkt og öll djúpþenkjandi ungmenni, hef dundað mér við að hlusta á nýnasista hlaðvörp af og til. Þaðan komst ég að þeirri merkilegu staðreynd að jaðarbundnir hægrimenn og þjóðernissinnar eru ekki hrifnir af því að vera ávarpaðir sem nýnasistar. Þetta vekur upp álíka merkilega spurningu: Ef þú hatar gyðinga, hatar flóttamenn, elskar hakakrossinn og heillast af Hitler, hvað ertu? Nei, þetta er ekki gildra. Svarið er, eins og þú gætir hafa getið þér til um: NASISTI. Í myrkustu kimum netheimanna er nefnilega lifandi samfélag þjóðernishyggju, nýnasisma, rasisma og almennrar mannvonsku. Þannig hefur það verið undanfarin ár, en eitthvað er að breytast. Auðvitað höfum við öll grunað þessa örfáu snoðuðu vini um að bera í brjósti sér væga nýnasistadýrkun en það er ekki jafn auðvelt að meta hver er nýnasisti og það var á sjöunda áratugnum. Það er ekki lengur hægt að líta á hermannastígvél og rakaðan haus sem tryggingu fyrir jaðarhugmyndum. Nýnasistar nútímans geta alveg eins verið óþægilegir gaurar í jakkafötum sem segja stundum skrítna hluti þegar tal berst að því sem skiptir máli. Atburðir Charlottesville hafa breytt einhverju. Hvort sem ljósið sé farið að skína á þetta samfélag eða myrkrið að hellast yfir annað er ekki mitt að segja. Það er hins vegar víst að með því að færa hreyfinguna fram í ljósið geta þeir orðið kyndilberar fáfræðinnar, skínandi leiðarvísir fyrir þá sem finnst þeir smánaðir af fjölmenningu.

> **Ef þú hatar gyðinga, hatar flóttamenn, elskar hakakrossinn og heillast af Hitler, hvað ertu?**

Ég skil ekki að labba út úr samfélagsfræði í sjöunda bekk, með myndir af hakakrossum og fangabúðum brenndum á sjónuna, og geta hugsað: „Svona vil ég vera“. Kannski missti ég af einhverjum sjarma, kannski fór dýrðin framhjá mér en ég þarf bara að spyrja: Hvers konar gróðrarstía haturs þarf heimurinn að verða til að endurvekja nasismann, minna en öld eftir að hann framdi sínar mestu hremmingar? Það er kannski ekkert svar við þeirri spurningu. Það er kannski ómögulegt að fullvissa að helförin verði alltaf mesti hryllingur nasismans.

Skólarígur MA-VMA:

Rígurinn - VMA og MA

Uggur og andstyggð í Akureyrarbæ

Sölvi Halldórsson skrifar

Í gegnum tíðina hefur margur orðið var við ríginn á Akureyri á milli MA og VMA. Rígurinn stafar aðallega af því hversu ólíkir skólarnir eru en er þó líklega sterkari í orði en á borði.

Í MA er bekkjarkerfi þar sem einungis eru 4 bóknámsbrautir en í VMA er fjölbraut og því meira um námsval. Auk þess sem nemendur VMA eru rúmlega tvöfalt fleiri en nemendur MA og á mun breiðara aldursbili.

Í VMA er í boði bæði fjölbreytt verknám svo sem málmiðn, vélstjórn og sjúkraliðabraut, ásamt hefðbundnu bóknámi, en í MA er einungis boðið upp á bóknám. Þess vegna vilja sumir VMA-ingar meina að MA-inga, sem eru upp til hópa macbook air eigendur, íklæddir farmers market lopapeysum, skorti allt verkvit sem víkur fyrir blindri bóknámstrú. Aftur á móti er síðan algengt innan veggja MA að heyra tal um verkmenntskælinginn sem er nokkuð ofarlega á heimslistanum í League of Legends og drekkur óhófsamlegt magn af Monster orkudrykknum.

Síðasta vetur voru haldin tvö metakvöld sem nemendafélög skólanna skipulögðu þar sem nemendur gátu haldið uppi heiðri síns skóla m.a. í armbeygjukeppni, dance off og freestyle rapp-battle. Blaðamaður falaðist eftir úrslitum í einhverjum þessara keppna en uppskar engin svör frá tengiliðum sínum þrátt fyrir umtalsverða rannsóknarvinnu á messenger fítus vefsvæðisins facebook.com

Rígurinn hefur þó einnig verið uppbyggilegur og veitt mörgum innblástur. Þó nokkur disslög hafa verið samin um báða skólanna og árið 2005 tóku leikfélög VMA og MA höndum saman og settu upp rokksöngleikinn Rígurinn. Þorleifur Örn Arnarsson leikstýrði verkinu og Andri Már Sigurðsson og Ævar Þór Benediktsson, þá nemendur við MA, skrifuðu handritið.

Á gamla góða spjallvefnum Hugi.is segir annar höfunda um verkið: „Í litlum bæ ráða ríkjum tvö gengi; Þrumurnar úr Verkmenntaskólanum og Hrafnarnir úr Menntaskólanum. Huginn, aðalforingi Hrafnanna verður ástfanginn af Þórunni, sem er nýbyrjuð í Verkmenntaskólanum, en auðvitað er það stranglega bannað! Í kjölfarið verður rígurinn milli skólanna ennþá meiri og að lokum er mælirinn fullur og allt verður vitlaust!“ Sagan var byggð á hinni sígildu ástarsögu Rómeó og Júlíu en yfirfærð yfir á veruleika akureyskra ungmenna við upphaf nýju aldarinnar. Sýningin var sýnd í Verkmenntaskólanum og hlaut góðar viðtökur.

Upptöku af söngleiknum, og þó nokkru magni af aukaefni tengdu sýningunni og leikhópnum, má nálgast á Amtsbókasafninu á Akureyri á DVD-formi.

Ugla Tryggvadóttir
Hugin Hálfdánason

Þórduna Bjartsdóttir
Logi Þór Hjaltason

7 ára ábyrgð á öllum nýjum Kia bílum

www.kia.com

Kia Picanto stenst prófið

Tilbúinn fyrir nýjar uppgötvanir

Kia Picanto fangar athyglina strax með flottum línum. Hann er á heimavelli hvar sem er, en snjöll hönnun og lítil fyrirferð gera hann fullkominn borgarbíl. Hann er rúmgóður að innan, þægilegur í akstri, búinn ríkulegum staðalbúnaði og setur öryggið ávallt í fyrsta sæti. Meðal staðalbúnaðar eru álfelgur, Bluetooth, AUX og USB tengi, hiti í stýri, hiti í sætum og loftkæling (AC).

Komdu í Öskju og og reynsluaktu Kia Picanto. Við tökum vel á móti þér.

The Power to Surprise

Verð frá **1.940.777** kr.

Mánaðarleg afborgun **15.777** kr.

Kia Picanto LX — bensín, beinskiptur, 4,2 l/100 km,

*m.v. 50% útborgun og lán í 84 mánuði með 8,4% vöxtum og árlegri hlutfallstölu kostnaðar 9,80%

ASKJA

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

Mynd/Karólína Sigríður Guðmundsdóttir

Að vera sjálfboðaliði á RIFF

Viðtal við Elinu Claire

Þórhildur Elísabet Þórsdóttir ritar

Í ágúst hitti ég Elinu Claire, 17 ára nemanda í MH, á Stofunni í lauflétt spjall. Elin er búin að vera sjálboðaliði hjá RIFF síðan í maí á þessu ári og var ég forvitin að heyra hvernig það væri að vera partur af kvikmyndahátíðinni.

Hvernig virkar starf þitt [hjá RIFF]?

,,Það er alls konar. Ég kom bara þangað og spurði: Get ég hjálpað ykkur? Og þau voru alveg: Já, við þurfum hjálp! Og nú hugsa ég um alla sjálfboðaliða og sé um að fara yfir myndir, líka skipuleggja smá hvaða myndir munu koma og fá allt svona „information" frá hverri einustu mynd. Alveg bara alls konar."

Hvað er það skemmtilegasta við starfið?

,,Góð spurning. Heyrðu, það er tvennt sem kemur upp í hugann. Það er fyrst og fremst fólkið sem er að vinna þarna, það eru mestmegnis útlendingar sem gerir það skemmtilegra! Allir þarna elska kvikmyndir og maður getur talað við fólk sem elskar kvikmyndabransann og svo er það líka að horfa á öðruvísi myndir en svona „blockbuster" myndir. Að geta séð svona fullt af nýjum leikstjórum sem vilja koma með eitthvað nýtt í kvikmyndabransann og reyna að finna aðra leið til að gera kvikmyndir skemmtilegar en, þú veist, svona „storyline" og þannig."

Hvenær kviknaði áhuginn á kvikmyndum?

,,Þegar ég var 12 eða 13. Ég byrjaði að gera svona stuttmyndir og við fórum að gera kvikmyndir og vorum með youtube „channel" og eitthvað. Bara, alltaf að gera kvikmyndir um sumarið og eitthvað. Þannig að ég myndi segja 13 ára."

Hvað er það við kvikmyndir sem heillar þig?

,,Ég held — ég er búin að pæla ótrúlega mikið í því — og ég held að það er bara, ókei fyrst og fremst að vinna með svona mikið af ,,artistum". Í kvikmyndum ertu með fólk sem er gott í svona „framing", svona skot-dóti, fólk sem eru gott að gera tónlist, þú veist, frá svo mörgum mismunandi, svona, listum. Sem koma bara saman til að gera kvikmyndir. Býr til svona kúltúr, menningu, saman."

Hvers vegna ætti fólk að mæta á RIFF? eða sýna kvikmyndum yfir höfuð áhuga?

,,Ég held að bara að fólk ætti að horfa á öðruvísi kvikmyndir en þær sem maður sér bara í bíó. Flest bíó sýna myndir sem þau vita strax að munu heilla fólk því það er bara eitthvað „basic" mynd og þú veist alveg hvað mun gerast en í RIFF þá er svona ... þá er meira „mystery" í kringum það. Þú veist ekki hvað þú ert að fara að sjá og þú ert líka að hjálpa fullt af nýjum leikstjórum sem eru að reyna að komast lengra [í kvikmyndabransanum]. En stundum geta það verið ömurlegar myndir, alla vega fyrir mig, skilurðu? En stundum eru svo rosalega góðar pælingar, bara svona tökulega og sögulega, og allt það. Þannig að mér finnst að fólk ætti bara að koma sér út úr sínu „comfort-zone" og horfa á eitthvað nýtt sem inniheldur fullt af flottum pælingum."

Er einhver atburður í tengslum við starf þitt sem stendur sérstaklega upp úr?

,,Núna er rosalega mikið stress í gangi. En bara á meðan ég var að horfa á fullt af myndum til að sjá hvort þær ættu að komast í keppnina, þá voru alveg nokkrar myndir sem heilluðu mig svo mikið og ég vonaði að þær kæmust á RIFF en það var bara ... ég var bara ... þær gáfu mér svo mikið af hugmyndum. Þetta voru myndir sem ég myndi aldrei horfa á venjulega en ég sá þær bara af því að ég þurfti að horfa á þær... Því það eru svo margar heimildamyndir sem ég hef aldrei pælt í að horfa á en ég lærði rosalega mikið af og það er...bara að vinna hjá RIFF verður ótrúlega góð minning."

Myndir til að sjá á RIFF í ár

Við spurðum Elinu Claire, RIFF sjálfboðaliða og framhaldsskólanema, hvaða myndum hún væri spenntust að sjá í ár og þessar fjórar, ásamt öllum íslensku stuttmyndunum, stóðu upp úr:

The Rider eftir Chloé Zhao. Myndin fjallar um ungan kúreka sem lætur næstum lífið í ródeó-slysi og þarf þá að hefja leit að sjálfsmynd sinni og hvað það þýðir að vera karlmaður í miðju Bandaríkjanna.

Faces Places eftir leikstjórann Agnes Varda og ljósmyndarann/múralistann J. R. sem ferðast gegnum frönsku sveitina og mynda ólíklega vináttu.

The Other Side of the Wall er heimildarmynd frá Pau Ortiz um tvö systkini, Ale (18) og Rocio (13) sem þurfa að takast á við stærstu áskorun mögulega þegar móðir þeirra er fangelsuð. Þau þurfa að ganga yngri systkinum sínum í foreldrastað.

Looking for Oum Kulthum, í leikstjórn Shirin Neshat og Shoja Azari, er mynd inn í mynd og fjallar um íranska listakonu/kvikmyndagerðakonu sem býr í útlægð, þar sem hún reynir að fanga líf og list goðsagnakenndustu söngkonu arabíska heimsins, Oum Kulthum.



The Other Side of the Wall



Looking for Oum Kulthum

Looking for Oum Kulthum.
Neda Rahmanian.

Fazer
Fazer
THE ® ORIGINAL
TYRKISK PEBER
ORIGINAL
HÖNDLARÐU HITANN ?
THE ® ORIGINAL
TYRKISK PEBER

Paratattú

Karólína Sigríður Guðmundsdóttir tók myndir og viðtöl

MÆÐGNATATTÚ:

DRÍFA OG SILJA

Hvers vegna fenguð þið ykkur þetta tattú saman?
Það var upprunalega vegna þess að það var skorað á okkur. Ástæðan fyrir því var að Strætó stóð fyrir hönnunarkeppninni Meistaraverk sem gekk út á að kjósa um bestu strætóhugmyndina sem fengi þá að prýða vagna borgarinnar. Ein af hönnunum sem send var inn var hin svokallaða KÞBAVD (konur þurfa bara að vera duglegri), hönnuð af Lenu Margréti. Við, mæðgurnar, samþykktum svo að fá okkur KÞBAVD tattú ef sú hugmynd yrði ofan á. Oft var naumt á munum milli hugmynda og mikið vesen á keppninni yfirhöfuð. Það þurfti m.a. að endurræsa kosningavafrann nokkrum sinnum og lengja kosninguna. Mamma hélt í skamma stund að skátarnir hefðu unnið og var mjög fegin að þurfa ekki að fá sér þetta tattú. Um leið og kom í ljós að KÞBAVD hefði í raun unnið keppnina var ég ekki lengi að senda mömmu skilaboð til að láta hana vita.Ég átti mjög erfitt með að ákveða hvað ég ætti að gefa mömmu í afmælisgjöf, mér datt svo í hug að það væri tilvalið að gefa henni þetta tattú.

Afhverju fenguð þið ykkur þetta tattú með hvor annari?
Ég og mamma höfum alltaf verið mjög nánar og hún er mín helsta femíniska fyrirmynd. Femíniska baráttan er mjög mikilvæg fyrir okkur báðar. Svo sagði mamma þegar ég fékk mér tattú í fyrra að ef ég fengi mér aftur tattú myndi hún fá sér það sama á sama stað, svo mér væri hollast að vanda valið. Við vissum samt báðar að við myndum aldrei sjá eftir þessu. Við höfum alltaf verið femínistar og ég sé ekki fram á að við hættum því í bráð.

10 Ráð fyrir framhaldsskólanema í húðflúrshugleiðingum

Sólrún Bára Garðarsdóttir talaði við Kristján Gilbert, húðflúrslistamann

Að fá sér sitt fyrsta húðflúr getur oft vafist fyrir manni, allskonar tilfinningar geta komið upp og eru þær allar eðlilegar. Þá er gott að vera með lista eins og þennan til að vita hvernig maður á að snúa sér í þessum málum.

1. Ekki flýta þér - Ígrundaðu vel hvað þú ætlar að fá þér og veltu því fyrir þér hvaða stíll á húðflúri heillar þig mest. Eftir að hafa komist að þeirri niðurstöðu getur þú kannað hvaða listamenn eru að sérhæfa sig í þeim stíl og hvern þér líst best á.
2. Kynntu þér stofuna sem þú ætlar á - Skoðaðu stofuna á samskiptamiðlum, hægt að sjá hjá flestum myndir af verkum sem verið er að gera. Það er einnig mjög mikilvægt að líða vel á stofunni þannig að við mælum með að þú kíkir í heimsókn og kannir hvernig þér líkar andrúmsloftið.
3. Vertu viss um hvað þú vilt - Gott er að vera með „reference“ myndir af þeirri hugmynd sem þig langar í til og útskýra vel hvað það er sem þú vilt fá þér. Þessar hugmyndir sem þú kemur með eru notaðar sem grunnur að húðflúrinu en svo fær listamaðurinn oft að setja sinn brag á það.
4. Spurðu spurninga - ekki vera feimin/nn við að spyrja spurninga. Góður listamaður mun svara öllum spurningunum þínum og sjá til þess að þér líði vel áður en ferlið byrjar.
5. Staðsetning - Að fá sér húðflúr getur verið ágætis skuldbinding þar sem það er ekki á leiðinni neitt af þér á næstunni. Það er kannski ekki góð hugmynd (eða hvað?) að byrja á hálsi, handarbökum eða öðrum mjög áberandi stöðum.
6. Verð - hvað þú greiðir fyrir húðflúrið ætti að vera einna síðast á forgangslistanum þar sem að hæfileikar, reynsla og heilbrigðisstaðlar skipta töluvert meira máli.
7. Hugsaðu vel um þig - Mættu vel nærður og drekktu nóg af vatni.
8. Búðu þig undir það andlega - Þú munt finna fyrir sársauka, „prepare“.
9. Vertu í þægilegum fötum - Ef þú ætlar að fá þér húðflúr á fótinn, ekki mæta í þröngum gallabuxum, ekki bara út af staðsetningu heldur líka til þess að líða vel á meðan þú ert í flúrinu og eftir það.
10. Hugsaðu um húðflúrið þitt - Hvernig við hugsum um húðflúrið eftir að við fáum það skiptir miklu máli. Spurðu stofuna hverskonar eftirmeðferð þau mæla með og fylgdu þeim leiðbeiningum.

Kær kveðja,
Kristján Gilbert

Kristján Gilbert ásamt samstarfsmönnum.

VINATATTÚ:

IGNATIUS VALDIMAR OG KRISTÓFER

Afhverju fenguð þið ykkur þetta tattú?
Strákarnir voru búnir að hugsa nokkuð lengi um að fá sér tattú saman vegna sambands þeirra. Þeir hugsuðu lengi um hvað þeir vildu fá sér en loks kom hugmyndin upp. Þeim finnst tattúið þeirra meira og minna lýsa sér sjálft, þar sem þeir eru mjög nánir.

Afhverju fenguð þið ykkur þetta tattú saman?
Kristófer og Valdimar eiga mjög litríka fortíð, Valdi segir frá því að hann hafi ekki verið mjög indæll við Kristófer í byrjun grunnskóla, þar sem hann telur sig hafa verið mikinn "fuckboy." Í byrjun tíunda bekkjar urðu þeir hins vegar mjög góðir vinir eftir að Kristófer gaf Valda Redbull í láni með sameiginlegum vinum þeirra. Valdimar flutti til Danmerkur í miðjum tíunda bekk og kom Kristófer að heimsækja hann um jólin. Valdimar flutti heim í byrjun ársins 2016 og byrjaði þá að búa með Kristófer. Valdimar býr enn hjá Kristófer.

VINKONUTATTÚ:

FREYJA, JÚLÍANA OG LILJA

Afhverju fenguð þið ykkur þetta tattú saman?
Júlíana og Lilja, tvíburasystur, kynntust Freyju fyrst í klarinett tímum í fjórða bekk, en þær urðu ekki góðar vinkonur fyrr en febrúar síðastliðinn. Sameiginleg vinkona þeirra, Díana Rós Breckmann, var nýlega byrjuð að æfa sig að gera tattú og buðu þær sig fram sem tilraunadýr. Þannig kom þriggja punkta tattúið til. Júlíana og Lilja höfðu líka áður fengið sér tattú saman. Jólin 2016 gaf Júlíana Lilju systratattú í jólagjöf.

Afhverju fenguð þið ykkur þetta tattú með hvor annari?
Freyja, Júlíana og Lilja hafa verið meira og minna óaðskiljanlegar síðan í febrúar. Það er ekki mikil meiri ástæða fyrir tattúinu annað en að þær eru bestu vinkonur.

Borða Drekka tyggja

WRIGLEY'S Extra®

Tannlæknafélag Íslands mælir
með notkun xylitols sem
aðalsætuefnis í tyggigúmmii

Keypti miða aðra leiðina til Íslands

Fyrir rúmlega hálfu ári síðan lét hin eistneska Gamithra Marga til skarar skríða og flutti til Íslands. Þannig rættist langþráður draumur hennar. Áður en að hún settist hér að hafði hún unnið hörðum höndum að því að kenna sér tungumálið og læra um menningu landsins og í dag er hún nemandi við Verkmenntaskólann á Akureyri og fer allt hennar nám fram á íslensku.

Margrét Erla Þórsdóttir skrifar

Af hverju ákvaðstu að koma og læra í framhaldsskóla á Íslandi?

Ég var þrettán, minnir mig, þegar ég ákvað að gera Ísland að áfangastað mínum. Það tók bara nokkur ár að komast hingað. Ísland var einhvern veginn alltaf bara svo rétt (og er ennþá). Þar að auki, þá hef ég bara gaman af alls konar ævintýrum, áskorunum og tilraunum. Enginn trúði því að ég, verandi bara sautján ára þá, gæti pakkað í tvær töskur og keypt miða aðra leiðina til Íslands. Mig langaði komast að því hvort ég gæti það!

Hvernig gengur að læra íslensku?

Frekar vel, held ég. Til dæmis var ég einu sinni á kaffihúsi í Reykjavík með vinum mínum og talaði þá aðallega á íslensku en þurfti samt stundum að skipta yfir á ensku til þess að útskýra eitthvað aðeins betur. Konan á næsta borði heyrði mig að tala og spurði af hverju ég væri að þykjast að vera útlendingur! En ég hafði samt reynt að læra eins mikið og ég gat áður en ég kom til Íslands svo ég átti ég ekki erfitt með að skilja tungumálið, en ég var samt allt of feimin við að prófa að tala sjálf. Það breyttist eftir að ég byrjaði að vinna í sveitinni hjá fólki sem gat ekki talað neitt nema íslensku. Eftir nokkra mánuði var ég endurfrituð og nú getur það jafnvel verið erfitt að tala á ensku.

Fannst þér vera vel tekið á móti þér sem erlendum nemanda?

Fyrst var ég oft utangarðs þar sem íslensku krakkarnir vissu ekki að ég skildi tungumálið. Mér var oft útskúfað, að einhverju leyti. Nú hef ég eytt rúmlega hálfu ári hérna og ég tala eiginlega aldrei á ensku. Það þýðir að fólk horfir ekki lengur á mig sem ,,öðruvísi" sem gerir mig sjálfsöruggari og þá er auðveldara að tengjast fólki. Yfirleitt þegar ég segi fólki að ég sé ekki íslensk þá eru þau hissa. Sumir hafa meir að segja ekki komist að því ennþá.

Hvernig finnst þér námið í VMA?

Á Eistlandi fylgja næstum öll fög í öllum skólum nokkurn veginn sömu námskránni. Hérna get ég valið á milli svo margra hluta til að læra. Það eru svo margir möguleikar! Og allir geta aðlagað námið að sér og sínum hraða. Það er svo magnað. Ég elska að læra en kerfið á Eistlandi hefur aldrei gert mér kleift að njóta þess. Núna bíð ég eftir því að helgarnar klárist svo ég geti farið aftur í skólann. Jafnvel þó að allt sé á íslensku þá er allt auðveldara fyrir mig hérna. Ég meir að segja óska þess oft að það að læra hér væri meiri áskorun.

Eru íslenskir framhaldsskólanemar frábrugðnir eistneskum?

Já, nemendur VMA eru frábrugðnir því sem ég er vön. Á milli tíma, þegar fólk ætti að vera að blanda geði og eignast vini, þá eru allir í símanum. Allir virðast vera uppteknir af símanum öllum stundum. Eins og þau séu hrædd við alvöru manneskjur. Það að læra virðist bara vera truflun, eitthvað leiðinlegt og óvinsælt. Mér finnst það sorglegt. Þrátt fyrir allt námsvalið sem er í boði þá koma þau í skólann til þess að hanga í símanum. Kannski er þetta vegna áfangakerfisins, sem lætur mann vera í kringum nýtt fólk í hverjum einasta tíma og eyðileggur skólaandann. En þó eru kennararnir allir mjög vingjarnlegir, flottir og gott fólk.

Hún bætir þó við:

Að vísu er minn námsbakgrunnur frá tveimur skólum í Eistlandi sem eru yfirleitt taldir til efstu þriggja skóla á landinu. Nemendur vænta þess og vilja fá að læra. Þar er talið frekar sorglegt að fá eitthvað minna en hæstu einkunn og óvenjulegt, jafnvel skrítið, að falla í kúrs.

Ungt fólk er almennt menntað, forvitið og vill ná langt í lífinu, og það hefur mikil áhrif á skólaandrúmsloftið. Þú ert með sömu krökkum í bekk í mörg ár og stemningin er mögnuð. Kennarar, á hinn bóginn, eru mun líklegri til að vera óvinir heldur en vinir þínir.

Hvað er það við ísland sem heillar þig og hefur það staðist undir væntingum?

Það var ekki neinn ákveðinn hlutur á Íslandi sem ég var að leita að. Það var allt á sama tíma. Ísland er fokking magnað.

Sérðu fram á að búa ennþá á Íslandi eftir að þú útskrifast úr VMA?

Ég mun fara og upplifa alls konar hluti í heiminum. Það eru svo margir staðir til þess að heimsækja og svo mikið sem ég á eftir að sjá. Svo mörg ævintýri og leiðangrar og áskoranir eftir. Og eftir allt það, þá er Ísland staðurinn sem ég vil koma aftur til.

> **Ísland er fokking magnað.**

EF ÞÉR FINNST ÞETTA ERFITT
ÞÁ ER ÞAÐ AF ÞVÍ

ÞAÐ Á AÐ VERA ERFITT.

MEIRI ÁTÖK. MEIRI HLEÐSLA. MEIRI ÁRANGUR.

KATRÍN TANJA DAVÍÐSDÓTTIR, AFREKSKONA Í CROSSFIT

HRAUSTASTA KONA HEIMS
2015 OG 2016

HLEÐSLA
ÍÞRÓTTADRYKKUR
100% HÁGÆÐA PRÓTEIN

HVER SEM ÍÞRÓTTIN ER, MARKMIÐIÐ ER ALLTAF AÐ VERÐA BETRI.
HLEÐSLA ER ÍÞRÓTTADRYKKUR ÚR NÁTTÚRULEGUM ÍSLENSKUM
HÁGÆÐAPRÓTEINUM SEM BYGGIR UPP VÖÐVANA.
MEIRI ÁTÖK. MEIRI HLEÐSLA. MEIRI ÁRANGUR.

HLEDSLA.IS

Kynslóðin sem kann ekki íslensku

Að vera unglingur er að vera blóraböggull og ungmenni dagsins í dag eru engin undantekning. Við erum í sífellu útnefnd kynslóðin sem kann ekki íslensku, kynslóðin sem lætur sig málið ekki varða. Því ákvað framhaldsskólablaðið að ræða við tvo unga einstaklinga sem vinna með íslenskuna í skapandi greinum og heyra þeirra afstöðu til tungumálsins.

Þórhildur Elísabet Þórsdóttir, Margrét Erla Þórsdóttir og Helgi Albert Reinharðsson unnu greinina

Steinunn Sigþrúðardóttir Jónsdóttir

Mynd/Hlökk Þrastardóttir

Tungumálið gerir það sem það vill

Steinunn Sigþrúðardóttir Jónsdóttir er sautján ára nemandi við Menntaskólann í Hamrahlíð sem er stundum tónlistarkona og stundum hönnuður. Fyrir næstum því einu og hálfu ári síðan stofnaði hún hljómsveitina asdfhg með Orra, besta vini sínum. Þau skrifa saman fallega og einlæga texta á íslensku. Aðspurð hvaða þýðingu íslenskan hefur fyrir henni svara hún: „Ég var alin upp á heimili þar sem eru tveir bókmenntafræðingar og jú, gott málfar skipti alveg máli en sömuleiðis þá held ég að flestir í kringum mig séu sammála um að tungumál séu lífrænar verur að því leyti að maður getur ekki ákveðið sjálfur…það er ekki bara hægt að setja á málvöndunarstefnu og þannig stýra áttinni sem tungumál fer. Þrátt fyrir að það hafi alveg virkað ágætlega hér á landi þá þróast það á svo skipulagðan hátt. Tungumálið er ekki það sem stendur í orðabók heldur það sem fólk notar. Ég held samt að ég yrði alveg skömmuð á heimili mínu ef ég myndi ,,droppa" íslensku og taka upp ensku í staðinn. Þannig að það er almennt lögð áhersla á tungumál og gott málfar en sömuleiðis að ráðskast ekki með tungumálið."

Hún jánkar því að tónlistin hefði allt öðruvísi gildi fyrir henni en hún semdi á ensku. „ Allur textinn í lögunum okkar er samrenningur dagbókarfærslna og það sem við heyrum útundan okkur. Brot úr samtölum sem maður heyrir óvart og sitja eftir í manni. Þetta eru nokkrar línur sem malla í manni lengi. Miklu áreynslulausara heldur en að sitjast niður og opna enska orðabók til að finna catchy enska texta. Það er ekki málið sem er næst mér í hugsun og já, það er miklu áreynslulausara fyrir mig að skrifa á íslensku. En það væri líka, alveg eins og það er rembingur fyrir mig að skrifa á ensku, rembingur að reyna að skrifa á flókinni íslensku. Þó maður reyni alveg að skrifa fallega texta en tungumálið sem maður talar inniheldur svo mörg tökuorð, bæði dönsk og ensk, svo það er ekki heiðarlegt að reyna að skrifa á einhverri gamalli, fínni íslensku." Hún viðurkennir að það sé óheiðarleiki sem hún gerist stundum sek um. „Og svo hlustar maður á lög sem Kef lavík gerir, sem er einhvern veginn miklu nær tungumálinu sem við tölum. Það er miklu heiðarlegra. Tónlistin er miklu nær tungumálinu í samfélaginu þaðan sem afurðin kemur. List er náttúrulega bara endurspeglun af samfélaginu sem hún er búin til í. Það er örugglega fullt af orðum í textunum okkar Orra sem eru fjarlæg okkur, en það kemur samt alveg úr einhverju dæmi." Hún útilokar ekki að semja á ensku, samt. „Ég hef bara aldrei vanið mig á það. Enska virkar líka alveg vel í dægurlaga textum. Það er mjög þægilegt tungumál. Við erum líka svo vön því að hlusta á afþreyingarefni á ensku. […] Manni finnst oft mjög eðlilegt að hlusta á jafningja manns skrifa á ensku, af því maður er svo vanur því. Ég hef bara aldrei skrifað á ensku. Ég hef reynt það en aldrei náð að venja mig á það að koma hugsunarflæði út sem er ekki það sem ég tala í daglegu lífi."

„Mér finnst mikilvægt að íslenska í sjálfu sér sé til ennþá og við viðhöldum henni á þann hátt að henni verði ekki ,,droppað", svo ég sletti," segir hún um ábyrgð okkar kynslóðar til að viðhalda íslenskunni. „Þá er mikilvægt að skoða: ,,Hvernig á að viðhalda íslensku á tækniöld?" Því einhvern veginn, ekki bara afþreyingarefni heldur tækin sem við notum eru á ensku, og þá er mikilvægt að viðhalda íslensku að því leyti. Samt finnst mér ekki að við ættum að vera það ströng við okkur að við leyfum ekki tungumálinu að þróast. […] Ef það er eðlileg átt sem tungumálið þróast í þá er það bara þannig. Við getum ekkert ákveðið að það sé rangt. Tungumálið gerir það sem við vill. En mér finnst við ættum að hlúa að íslenskunni svo hún deyi ekki út. En mér finnst merkilegt—kannski í tónlist meðal annars—þar er svo auðvelt að koma auga á ungt fólk sem er að grúska í einhverju afmörkuðu áhugamáli, sérstaklega ef það er tengt einhverri tækni, […] þá kann maður það miklu frekar á ensku. Ég get ekki talað um svona tæknimál á íslensku, […] ég bara er ekki með orðaforða yfir það. Það væri rembingur að reyna ná því fram á íslensku því það er ekki hvernig ég tala um þetta þegar ég nota það. Þegar við Orri erum að „pródúsa" eitthvað saman þá eru hátt í helmingur orðanna sem við notum ensk, en þau er náttúrulega líka íslensk því við íslenskum þau; við beygjum þau alveg. Það er munur á að tala sundurslitna íslensku með fullt af enskum tökuorðum en vera samt að tala íslensku. Íslenskan gefur okkur þannig tæki, nefnilega. En ég man að þetta koma afa mínum rosalega á óvart. Hann las einmitt grein um þetta. Að krakkar sem eru að sérhæfa sig í einhverju svona ákveðnu—og lesa þá um það á netinu og horfa á einhver myndbönd—þá hafa þau bara enskan orðaforða yfir áhugamálið sitt og geta ekki talað um það á íslensku.

> **Tónlistin er miklu nær tungumálinu í samfélaginu þaðan sem afurðin kemur. List er náttúrulega bara endurspeglun af samfélaginu sem hún er búin til í.**

VERTU MEÐ VINNUTÍMANA Á HREINU

Klukk er nýtt og frítt tímaskráningarapp fyrir launafólk. Þú skráir vinnutímana þína með einum smelli í Klukk og veist þá nákvæmlega hversu mikið þú vinnur og hvenær. Hægt er að virkja staðsetningarbúnað í appinu sem minnir þig á að klukka þig inn eða út.
Náðu þér í Klukk í AppStore eða á GooglePlay.

Nánar á asi.is/klukk

En mér fannst þetta svo eðlilegt. Svona hefur þetta alltaf verið fyrir mér. Þegar ég var lítil að reyna að grúska í einhverju; að læra á photoshop eða eitthvað forrit, þá þarf maður netið til þess að lesa sér til um það og horfa á myndbönd. Þá er einhvern veginn of seint um leið að reyna að nota íslenskan orðaforða yfir það. Þá er þetta svo flókið. Þá er ekki hægt að miðla upplýsingum áfram lengur. Því svona starfsemi er svo auðveld alþjóðlega, þá erum við að gera það flóknara með því að blanda íslenskunni inn í þetta."

Steinunn hefur samt engar áhyggjur af íslenskukunnáttu jafnaldra sinna. „Áður en málvöndunarstefnan varð svona ótrúlega," hún hugsar sig um í smá stund. „Fyrir það var ekki alltaf verið að kvarta yfir að ungt fólk sletti of mikið úr dönsku? Allar kynslóðir eru alltaf skömm samfélagsins á einhvern hátt. Af því að tungumál breytast með kynslóðum þá er svo auðvelt að segja að það sé að verða verra, þó það sé ekkert hægt að alhæfa um það. Það er ótrúlega persónuleg skoðun; að nýyrði séu slæm, að það að aðlaga tungumálið tækniöldinni sé slæmt ... en það er bara nauðsynlegt. Við getum ekki einangrað okkur frá heiminum og sagt: við ætlum bara að tala gott mál, og þá skjóta framhjá því að tala tungumál sem meikar sens fyrir samfélagið. Það hefur ábyggilega komið ótrúlega mikið af slettum í iðnvæðingunni líka, alveg eins og núna með tæknivæðinguna. Það er fullt af orðum sem er ekki búið að þýða nógu vel. Sem dæmi gæti ég talað um að ég ætlaði að vista skjal en það er ekki endilega það fyrsta sem ég myndi grípa til. Við iðnvæðinguna hafa verið einhverjar svakalegar tækniframfarir sem urðu alþjóðlegar og þá var örugglega gripið í dönskuna. Orð sem urðu til á þessum tíma og við teljum vera ansi fín í dag eru ekkert íslensk orð heldur dönsk tökuorð en af því að okkur finnst það vera gamalt og formlegt þá er það bara fín íslenska. Það myndi til dæmis enginn skamma mann fyrir að nota orðið viskastykki, sem er tökuorð. Þessar dönskuslettur eru partur af tungumálinu okkar í dag. Afurð listar er endurspeglun samfélagsins sem listin var búin til í og tungumálið er ekkert frábrugðið því. Tungumálið sem við töluðum þegar það voru miklu nánari tengsl við Danmörku er miklu dönskuvæddara. Í dag eru hinsvegar menningarlegu tengslin miklu meiri við Vestræna heiminn og það er ótrúlega eðlilegt að tungumálið færist frekar í þá átt. Við erum samt kannski ekkert eins slæm og nágrannaþjóðirnar þegar það kemur að slettum. Við notum orðin tölva og sími frekar en að segja "computer" eða "telephone" eins og nágrannar okkar Danirnir."

„Mér finnst [tungumálaþróunin] klárt mál vera jákvæð af því að tungumál þurfa að þróast svo þau verði ekki úrelt. Latína er ekki lengur lifandi tungumál því að á einhverjum tímapunkti hefur hún hætt að þróast. Rómönsku tungumálin eru aðlögun að samfélaginu. [...] Svo er auðvitað spurning hvort þetta muni breytast. Orðaforðinn sem við notum í dag og orðaforðinn sem er notaður í Snorra Eddu er mjög ólíkur þó þetta sé sama tungumálið. Þróunin þarf að verða og við megum ekki streitast á móti. Ég held það sé ekki rétt að tala um fallegt tungumál, málfræðin og beyging orða er bara öðruvísi. Það ætti frekar að tala um fallegan skáldskap."

Aðspurð hvort hún líti á íslenskuna sem deyjandi tungumál svarar Steinunn neitandi. „Það er líka misskilningur að við Íslendingar tölum rosalega góða ensku. Íslendingar halda það en við tölum ekki góða ensku. Við tölum gott talmál en akademískt séð þá tölum við ekkert sérstaklega góða ensku. Við ofmetum enskukunnáttu okkar því við eigum svo auðvelt með að hlusta og horfa á enska afþreyingu. Við erum ekki með neina djúpstæða tengingu við enska tungumálið sem er gríðarlega stórt tungumál, með miklu stærri orðaforða en íslenskan mun nokkurn tímann eiga. Aftur á móti vanmetum við skilning okkar og kunnáttu á Norðurlandatungumálum. [...] Móðurmálið okkar er ennþá íslenska þó svo hún sé breytt. Tungumál sem er útdautt er ekki tungumál sem við getum öll ennþá lesið. Ef tungumál er útdautt þarf maður að kalla í einhvern sérfræðing til þess að reyna að lesa eitthvað út úr textabrotum. Það er óþarfa dramatískt að segja að íslenskan sé dauð. Þetta hefur eflaust verið í umræðunni síðan Jónas Hallgrímsson var uppi. Það má heldur ekki gera of lítið úr talmáli. Talmál getur verið fáránlega fallegt. Fallegri endurspeglun af samfélaginu að því leyti að það nær til allra stétta. Fágað mál sem er hægt að tengja við menntastéttir á ekki að vera merkilegra. Þó svo talmál sé öðruvísi en fágað mál þá er það ekkert frábrugðið að því leyti að það er samt íslenska. [...] Það er ótrúlega dæmigerð og þreytt hugsun að segja að unga kynslóðin sé að eyðileggja fyrir okkur og allt sé að fara til fjandans," segir hún og bætir við í gamni: „Kynslóðin á undan okkur eyðilagði jörðina og við erum bara að hefna okkar með því að eyðileggja móðurmálið."

Guðmundur Bjartur Einisson

Mynd/Hlökk Þrastardóttir

Ég er svolítið svona duga eða drepast týpa og ég ákvað að ég ætlaði að duga, en ekki drepast.

Tungumálið er eitthvað hálf-ódauðlegt í mínum huga

Guðmundur Bjartur Einisson byrjaði að yrkja ljóð í byrjun árs 2016. Frá því hefur ástríðan bara undið upp á sig. „Ljóðlistin greip mig heljartökum og það mátti allt annað víkja," segir hann. „Þannig ég tók ljóðlistina og skáldskapinn fram yfir allt annað og hélt áfram að prófa mig áfram með þetta og síðan myndaðist hugmyndin einhverntímann, kannski bara um vorið 2016, að ég ætti nú að gefa út ljóðabók. Þá datt mér í hug að það væri sniðugt að safna öllu saman, halda áfram að semja efni og gefa það allt út í einni bók. Sú bók [...] mun sennilega koma út í nóvember 2018, fyrir jól, og verða hluti af jólabókaflóðinu. Þannig það er planið núna. Eins og er er ég kannski kominn með um það bil fjörutíu eða fimmtíu ljóð í gagnabankann og það

NÓA

Loksins

Biðin er á enda.
Þeir eru komnir aftur!

ÁRNASYNIR

er að meðaltali kannski eitt ljóð á síðu. Mörg ljóðin eru reyndar miklu, miklu lengri. […] En ljóðabókin verður svona 100 síður í heildina.“

„Ég sem hefðbundin ljóð.,“ segir Guðmundur um kvæðskap sinn. „Það er það sem einkennir ljóðlistina mína aðallega. […] Ég svona fylgi ekki beint tíðarandanum í dag—sem eru atómljóð—heldur held ég í gamlar hefðir og sem mestmegnis bundin ljóð í bundnu máli. Ég vinn mikið með ferskeytluformið. Síðan prófa ég mig áfram með allskonar nýtt; með atkvæðalengd, erindalengd, línufjölda og allskonar. […] Yrkisefnið, það er mjög fjölbreytt. Ég yrki mikið um tilgang lífsins, tilgang minn sem persónu á þessari jörð, í þessum heimi. Svo yrki ég líka mikið um tilfinningar því ég er tilfinningavera og reyni að koma hamingju, sátt, hryggð og sorg frá mér í ljóðum. Ég yrki til dæmis mikið um ástina og ég yrki mikið um hamingjutilfinningar ef mér líður vel einhversstaðar, til dæmis úti í náttúrunni. Reyni að koma því frá mér í ljóði. Þá líður mér líka eins og ég sé að endurlifa þetta sama augnablik, þegar ég les mitt eigið ljóð yfir aftur.“

Áður en að hann byrjaði að yrkja fyrir fullnustu var Guðmundur nemandi við Menntaskólann í Reykjavík. Aðspurður hvernig sú reynsla hafði áhrif á ljóðlistina svarar hann: „Fyrir rúmu ári síðan þá gekk mér þokkalega vel að afla innblásturs. Skólinn truflaði eitthvað aðeins en það merkilega er að ég nýtti tímann í strætó alltaf til þess að yrkja. Þannig ég var í símanum í strætó— ég yrki nota bene bara í tækjum, annað hvort í símanum eða í tölvunni, ég er ekki alveg svo gamaldags—ég nýtti tímann í strætó, var oft að semja ljóð þar. Ég samdi til dæmis vetrarhörpuna á leiðinni í skólann 12. febrúar 2016 og var samtals einhverja þrjá daga að binda endahnútinn á ljóðið. […] Innblásturinn getur komið bæði að utan og innan þannig það skiptir í raun og veru ekki máli þó að ég sé í einhverju lokuðu rými eða í einhverjum aðstæðum sem setja mér takmörk, eins og skóla. Ég get alveg fengið góðan innblástur í skóla, í strætó eða bara inni í herbergi jafnvel þó að gardínurnar séu dregnar fyrir, því að þá kemur innblásturinn bara að innan. Þá er ég yfirleitt að yrkja um tilfinningar; það tengist oft skapinu. Segjum sem svo að ég sé ástfanginn, þá yrki ég um ástina, eða ef ég er í ástarsorg þá kem ég því frá mér í einhverskonar sorglegu kvæði og að því loknu, þegar ég er búinn að yrkja það, þá líður mér betur þannig þetta er svona besta lyfið. […] Ég yrki samt um svo miklu, miklu fleira. Ég yrki um drauma og þá kemur innblásturinn líka innan frá, en það eru ekki beint tilfinningar, það eru meira svona draumar og markmið. Ég sé mig til dæmis oft fyrir mér í ljóðunum mínum sem frægt skáld og nota það sem innblástur. Það getur verið mjög spennandi,“ segir hann og hlær.

„Það er óhætt að segja að skólinn hafi haft verulega neikvæð áhrif á mína skapandi hugsun. Mér finnst eins og það sé oft lögð lítil áhersla á að rækta þann hæfileika hjá nemendum sem er skapandi hugsun. Mér finnst margir skólar, MR meðal annars, en fleiri líka, leggja of mikla áherslu á páfagaukalærdóm, bara eintóma rökhugsun og minni. Sköpunargáfan er svolítið skilin útundan og það er nú kannski ástæðan fyrir því að mér finnst skólinn ekki hafa haft góð áhrif. Síðan er það líka þegar maður velur sér stór markmið í lífinu og ákveður að fara bara „all-in“. Ég er svolítið svona duga eða drepast týpa og ég ákvað að ég ætlaði að duga, en ekki drepast. Þess vegna þurfti ég að taka ákvarðanir í samræmi við það. Það er kannski ástæðan fyrir því að ég er hættur í námi yfir höfuð, hættur í skóla.“

Guðmundi finnst bókað mál að unga kynslóðin beri vissa ábyrgð á heilbrigði tungumálsins en segir kynslóðina langt frá því að dæma málið til dauða. „Ég er meðvitaður um þá staðreynd að áhrif enskunnar í nútímasamfélagi bitna á íslenskukunnáttu ungs fólks, bæði þessarar kynslóðar og komandi kynslóða. […] Birtingarmynd þessara áhrifa er sú að íslenskukunnáttan er verri og málfræðikunnátta líka og þar má sérstaklega nefna að það eru fáir sem kunna að nota viðtengingarháttinn ennþá. Ég tek mjög eftir því sem skáld og sem íslenskuáhugamaður fer það í taugarnar á mér, verulega, en að sama skapi er ég algjörlega ósammála því að íslenskan sé að fara að deyja út. Það er bara ímyndunarveiki fyrir mér. Þetta er mál sem hefur lifað í þúsundir ára — ekki alveg þúsundir, kannski — tughundruð ára, og ég sé enga ástæðu til að ætla að íslenskan sé að fara að deyja út á meðan hér lifa yfir 300.000 manns. […] Þó að það séu utanaðkomandi áhrif, þó að enskan hafi áhrif á íslenskuna, þá er ennþá þessi sameiginlegi baráttuhugur hjá Íslendingum að halda tungumálinu gangandi. Þetta er ennþá þjóðarstoltið, þannig að þegar fólk talar um að íslenskan sé að deyja út, þá lít ég á það þannig að hún fari aðeins versnandi en ég held að sá tímapunktur komi aldrei þar sem að hún bara hverfur einfaldlega og við förum að tala eitthvert annað tungumál, eins og ensku. Það er … ég trúi því ekki. Íslenskan gæti kannski nálgast norskuna eða dönskuna, eða blöndu af norsku, dönsku og ensku. […] Ég sé ekkert jákvætt við [tungumálaþróunina] í sambandi við íslenskuna. Enskan hefur eingöngu neikvæð áhrif á íslenskuna, en það er samt sem áður jákvætt að ungmenni læri að tala ensku og geti tjáð sig í útlöndum og haft samskipti við fólk af öðrum þjóðernum. Það er jákvætt í sjálfu sér, en það tengist ekki íslenskunni á neinn hátt. Þetta eru tvö aðskilin atriði.“

Að yrkja á ensku hefur aldrei heillað Guðmund sérstaklega. „Það hefur ekki hvarflað að mér. Ég mun alltaf leggja mesta áherslu á að yrkja ljóð á íslensku en ég hef ort nokkur ljóð á ensku og þýsku. Það er bara svona til gamans gert og ég geri það meira bara fyrir sjálfan mig en það er ekkert sem ég hef hug á að gefa út. En síðan, ef ég myndi einhverntímann hugsa mér að gefa út skáldsögu eða smásagnasafn […] þá myndi hún að sjálfsögðu vera á íslensku. Ég myndi aldrei láta einhverja drauma um að ná til fleiri lesenda ná yfirhöndinni og skrifa á ensku í staðinn. Frummálið verður alltaf að vera íslenska, því það er hægt að þýða skáldsögur og smásögur en þegar kemur að ljóðunum þá er mjög erfitt að þýða, ég er meðvitaður um það. En íslendingar njóta góðs af því. Þá lít ég á þetta þannig [að] ljóðin eru bara fyrir íslensku þjóðina. Ef ég skrifa einhverntímann … einbeiti mér að einhverjum öðrum listformum, einhverskonar sögum eða skáldsögum, þá geta aðrar þjóðir fengið að njóta góðs af því líka, með hjálp góðra þýðenda sem ég myndi þá ráða í vinnu. En ljóðin eru bara fyrir íslendinga. Þið getið verið stoltir af því, Íslendingar, að vera þeir einu sem fáið að njóta ljóðlistarinnar minnar.“

Aðspurður um áhrif enskunnar á aðra listsköpun landsins, líkt og tónlist, segist hann ekki hafa fundið fyrir verulegum mun. „Mér finnst samt mikilvægt að halda þessu tvennu aðskildu; tónlist og skáldskap. Ég hef ekkert á móti því að íslenskir listamenn semji tónlist á ensku. Mér finnst það mjög eðlilegt og ég myndi örugglega gera slíkt hið sama ef ég væri í tónlistarskrifum en þegar kemur að skáldskap, þá sérstaklega ljóðlist, finnst mér bara algjört skilyrði að fólk nýti þessa miklu og rausnarlegu vöggugjöf sem það fékk á unga aldri, semsagt íslensku tunguna. Það ætti að hafa hana í hávegum og nýta hana, láta hana njóta sín og líka í sögum. Það eru margir sem skrifa smásögur á ensku og það er allt í lagi sem slíkt en það er mín ábending, til hinna skáldanna og höfundanna þarna úti, að gleyma ekki íslenskunni. Þó að þið farið yfir í einhver önnur tungumál að passa sig að vera opin fyrir … það er allt í lagi að vera opinn fyrir öðrum tungumálum og öðrum möguleikum, en við megum aldrei gleyma því dýrmætasta sem við eigum sem þjóð, sem er náttúrulega tungan. Ég lít á tungumálið sem miklu dýrmætari þjóðareign heldur en Þingvelli eða Gullfoss eða Jökusárlón. Tungumálið er eitthvað hálf-ódauðlegt í mínum huga, eitthvað sem fylgir okkur alla ævi og þegar við deyjum, þá lifir tungumálið áfram hjá komandi kynslóðum. Auðvitað þróast það aðeins og breytist eitthvað pínulítið en þetta er eitthvað sem við eigum öll sameiginlegt, öll þjóðin, þess vegna finnst mér mikilvægt að gleyma ekki íslenskunni.“

„Þar sem ég tók mjög vel ígrundaða ákvörðun um að gefa framhaldsskólanám upp á bátinn ætla ég að byrja á því að verða mér úti um einhverja vinnu í haust og yrkja samhliða henni,“ segir hann um framtíðaráform sín. „Því að ég get vel ort þó ég sé í einhverju öðru „prógrammi“ líka, bara svo fremi sem álagið er ekki allt of mikið. Þannig að næstu mánuði, sennilega fram til jóla, verð ég að vinna og yrkja samtímis en síðan er ég mjög opinn fyrir nýjum tækifærum sem kunna að verða á vegi mínum. Planið í sambandi við bókina er það að ég ætla að gefa hana út í nóvember næsta árs, 2018, en það verður á alveg sérstakann hátt vegna þess að á meðan ég vinn er planið að leggja til hliðar næstum því allan peninginn sem ég þéna, stóran meirihluta, og safna fyrir stofnun fyrirtækis. Planið er að stofna bókaútgáfu, vinna að því strax eftir áramót og byggja í raun og veru bara upp lítið forlag. […] Fyrsta verkefni þessa fyrirtækis yrði að gefa út mína eigin bók. Ég mun í raun og veru gegna tveimur hlutverkum í þessu verkefni; ég mun vera ljóðskáldið og gefa út þessa bók. […] Forlagið er lang stærsti bókaútgefandinn á landinu og ég verð bara að segja eins og er, að ég held að þjóðfélagið hafi mjög gott af smá samkeppni á bókaútgáfumarkaðinum. Einokun höfðar ekki mjög vel til mín […] og ég held að það hafi jákvæð áhrif á íslenska listsköpun að höfundar geti valið um fleiri útgefendur til þess að koma verkunum sínum á framfæri. Það mun vera plan fyrirtækis míns, þessa forlags, að þjónusta líka aðra listamenn í framtíðinni þó að ég muni byrja með minni eigin bók í nóvember.“

MR kvaddur

Margra virtra var hann faðir,
innan veggja visku kvað.
Flestir voru í garð hans glaðir,
árin geymdu í hjartastað.
Fyrr en elstu menn nú muna
mændi húsið yfir byggð.
Mínum stundum þar mun unna;
minnast bæði af sátt og hryggð.

Sárt mér þykir þig að kveðja,
þekkri samleið okkar þarf
senn að linna, ótt að steðja
skyldur skálds og ævistarf.
Frá þér vissu allir vegir
og vísa þaðan enn í dag.
Skynsemi og vit mitt segir
að skilið eigir þennan brag.

Gott mér gerði, gjarn ég játa;
gagn og gaman þar ég hlaut.
Skólinn fjársjóð mér forláta
fékk er nam við málabraut.
Þar margt afar góðra máta
og minninga mér féll í skaut.
En lífs míns óleyst bíður gáta
og læt ég mig því hverfa á braut.

Fýlupúkinn

Fýlupúkinn er myndasaga eftir Sólrúnu Báru Gaðarsdóttur, 19 ára listakonu.

Ljóð

handbók um ást

ég kem heim
og það eru blóm
í hægindastólnum
sem ég sit vanalega í,
á móti þínum

þú situr á rúminu
með eftirvæntingu
flæðandi út úr eyrunum
ég sest hjá þér
og halla mér nær

við stingum nefjum okkar
saman
öndum
inn og út
út og inn

þú gefur mér gjafir
hversdagslega hluti
einn og einn
þar til að það er ekkert í
íbúðinni
sem minnir mig ekki á þig

við borðum köku á klambratúni
ég þykist ekki taka eftir því
þegar þú mylur niður
kökuna þína

í von um að það komi býflugur
að heilsa upp á okkur

við stöndum í sólinni
með fjögurra laufa smára
milli fingranna
þú hlærð
opin og frjáls
með fagurgula fífla í hárinu
og sykursætt bros á vörum

við skerum út smákökur
og skreytum húsið með
fjöðrum

þú stelur hunangi úr krukkunni
og ég kyssi það úr munni
þínum

ég klemmi heppnina
á milli vara okkar
þar sem að hún getur
blómstrað
að eilífu
í okkar samveru

ég og þú

Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir

Leyfðu þér að dreyma stórt

Við hjálpum unga fólkinu að koma auga á þá hæfileika sem það býr yfir og yfirstíga það sem heldur aftur af því. Við hvetjum þátttakendur á námskeiðinu til að taka stærri skref, setja sér skýr markmið, virkja sköpunarkraftinn og nýta áhrif sín. Við hjálpum þeim að styrkja þau sambönd sem skipta mestu máli og aukum færni þeirra í samskiptum til að geta áunnið sér traust og skapað tækifæri til framtíðar.

Næstu námskeið

Aldur	Hefst	Fyrirkomulag	Tími
10–12 ára (5.–7. bekkur)	19. september	Einu sinni í viku í 9 skipti	17:00-20:00
13–15 ára (8.–10. bekkur)	14. september	Einu sinni í viku í 9 skipti	17:00-20:30
16–19 ára (Menntaskóli)	11. september	Einu sinni í viku í 9 skipti	18:00-22:00
20–25 ára (Háskóli/vinnumarkaður)	13. september	Einu sinni í viku í 9 skipti	18:00-22:00

Ókeypis kynningartímar í Ármúla 11

10–15 ára	6. september	19:00 til 20:00
16–25 ára	6. september	20:00 til 21:00

Skráning í kynningartíma á
www.dale.is/ungtfolk

Dale Carnegie®

Copyright © 2017 Dale Carnegie & Associates, Inc. All rights reserved. youth_081417_Ads_iceland

Framhaldsskólanemar sem leigja

Foreldrahús hafa orðið eins konar skjól okkar kynslóðar. Síhækkandi verðlag leigumarkaðs virðist loka fyrir alla möguleika út á við þannig að ungir Íslendingar búa í auknum mæli hjá foreldrum sínum fram á fullorðinsárin. Samt eru undantekningar á þessu lögmáli og því ákváðum við að ræða við nokkra framhaldsskólanema sem hafa flutt út á eigin vegum og sjá hvernig er innlits í íbúðum þeirra.

Margrét Erla Þórsdóttir og Þórhildur Elísabet Þórsdóttir tóku viðtöl, Hlökk Þrastardóttir tók myndir

Ísabella Lilja Justinsdóttir Rebbeck (19)

Ómöguleg tilhugsun að snúa við núna

Ísabella Lilja Justinsdóttir Rebbeck (19) er nemandi við MH sem vinnur á Sjálfsbjargarheimilinu við aðhlynningu. Hún var átján þegar hún flutti út, en hún flutti út til að komast nær miðborginni. Hún bjó áður í Hafnafirðinum, bílprófslaus og með djúpstætt hatur á strætó. Hana langaði vera sjálfstæðari. Aðspurð segir hún strætó hafa verið seinan í sífellu, oft hafi hann ekki mætt yfir höfuð, og að þegar hann mætti var hann troðfullur þó svo að stoppið hennar væri nokkuð snemma á leiðinni. Ef hún ætlaði sér að ná sæti þyrfti hún annað hvort að mæta of snemma eða of seint. Fjarlægðin þýddi einnig að á veturnar tók það allt að 90 mínútur að komast í skólann eða niður í bæ almennt. Hún vill vera einhvers staðar þar sem hún getur labbað í bæinn eftir eigin hentisemi. Ísabella hefur náð einskonar jafnvægi á milli vinnu og skóla, en síðastliðið ár átti hún í einhverjum erfiðleikum með það. Hún segist hafa unnið of mikið, upp að því marki að það fór að bitna alvarlega á náminu. Nú er hún í þægilegri vinnu og getur unnið sjaldnar. Félagslífið hefur samt ekki þurft að gjalda. Hún mætir þegar aðstæður leyfa, og ef svo fer að hún geti ekki kemur hún bara með næst. Henni líður aldrei eins og hún sé að missa af öllu og sér ekki eftir því að hafa flutt svona ung að heiman. Hún segist gera sér grein fyrir þægindunum sem eru falin í því að búa heima, geta sparað peninginn sem annars endar í leigu. Hún hefði ekkert á móti því að leigja kjallaraíbúð hjá foreldrum sínum, flyttu þau einhverntímann í bæinn og væri það ódýrara en núverandi íbúðin. Það þyrftu þó að vera aðskildar íbúðir þar sem hún leigir með kærastanum sínum. Ísabella var ekki mjög áhyggjufull þegar kom að því að flytja út. Þeir hlutir sem hún hafði ekki þurft að huga að áður vöndust fljótt; innkaupin auðvelduðust og hún tamdi sér að fylgjast betur með eyðsluvenjum. Henni finnst því ekkert að því að fólk flytji snemma út ef það telur sig nógu sjálfstætt til að takast á við það og ef þau finna stað á viðráðanlegu verði. Hún fann ekki fyrir miklum erfiðleikum að finna sér íbúð en segir það hafa verið mikla heppni. „Það var ógeðslega létt. Ég var alltaf að tala um hvað leigumarkaðurinn er sökkaður en það var ekkert mál fyrir mig. […] Frænka mín var að tala við nágranna sinn sem var bara eitthvað: Ég er að leigja út íbúð, svo frænka mín sagði henni frá mér og sama dag var ég komin með íbúð. Það var furðulega lítið mál.“ Þegar hún leitaði sér að íbúðum á netinu gekk það illa. Hún fann ekkert fyrir minna en 100.000 kr á mánuði, nefnir eins-herbergja íbúðir í Grafarvoginum, og á þeim tíma var hún ekki í sambandi. Hún ítrekar heppnina sem leiddi að núverandi aðstöðu hennar.

Uppáhalds staðurinn hennar í íbúðinni er svefnherbergið. „Það er svo persónulegur staður. Það er svo mikið þarna, allar bækurnar mínar, öll plakötin, myndir, plöturnar mínar, geisladiskar. Allt það. Þetta er svo mikið minn staður. Þetta er ég í herbergismynd,“ segir hún. Eftir langan dag finnst henni best að slappa af í íbúðinni; lesa bók eða horfa á þátt. Það felst ákveðið frelsi í íbúðinni og henni finnst ómöguleg tilhugsun að snúa við núna, þegar hún er búin að venjast sjálfstæðinu og ábyrgðinu sem fylgir því að búa ein.







...came to destroy ra

Kjúklingastaðurinn
Suðurveri

Ásgrímur Stefán Agnarsson (18)

Borðar sunnudagsmatinn heima í Borgarnesi

Ásgrímur Stefán Agnarsson (18) flutti að heiman árið 2014 þegar hann hóf menntaskólagöngu sína. Hann átti áður heima í Borgarnesi en ákvað að sækja um í MR. „Mig langaði að breyta til, það er ekki margt spennandi að gera í litlu sveitarfélagi eins og Borgarnesi,“ segir hann. Hann er að miklu leyti sjálfstæður þar sem kemur að leigumálum en foreldrar hans styðja við hann þegar þarf. Ef kostur væri á að búa hjá foreldrum sínum meðan á menntaskólagöngunni stendur myndi hann taka það fram yfir leigumarkaðinn. Samt sér hann ekki eftir að hafa flutt út, enda fer þetta allt í reynslubankann og kennir manni að vera sjálfstæður og ábyrgur. Hann fann ekki fyrir miklum erfiðleikum þegar kom að því að finna húsnæði. „Þvert á móti, ég óskaði eftir húsnæði á netinu og fékk mörg boð samdægurs og bara valdi það sem mér leist best á.“ Hann býr með meðleigjanda og leigusalinn tekur mikið tillit til þess að hann sé í skóla. Hann hefur því ekki hækkað leiguna í samræmi við markaðinn frá því að Ási flutti inn. Aðspurður hvort hann sakni heimabæjarins segir hann: „Ég borða yfirleitt sunnudagsmatinn heima í Borgarnesi og er þar stundum um helgar. Það er alltaf gott að koma þangað en ég myndi ekki segja að ég sakni þess að búa þar. Ég hef það ágætt í Reykjavík.“

Birta Bang (19)

Þarf ekki að fara neitt annað

Birta Bang (19) var nýorðin átján ára þegar hún flutti að heiman. Hún flutti að heiman til að búa með kærastanum sínum, en þau höfðu fundið þægilegt húsnæði á góðu verði. Hún vinnur í BYKO samhliða skóla til að eiga efni á leigunni en kærastinn vinnur í fullu starfi. Hún segir vinnuna sjaldan bitna á náminu, enda leigja þau á sanngjörnu verði hjá pabba vinar sem býr með þeim. Hún tekur skýrt fram að það er vinurinn, en ekki pabbinn, sem er að leigja með þeim. Hún sér stundum eftir að hafa farið út á leigumarkaðinn. „Stundum pæli ég bara: Hvað með þegar við getum ekki verið hérna lengur? Hvað verður þá um okkur? Án þess að vera of dramatísk,“ tekur hún fram. Fyrst og fremst finnst henni þetta vera þroskandi reynsla; að elda eigin mat, þvo eigin þvott og þrífa baðherbergið. Hún veit ekki hvort hún mæli með því við annað fólk, segir það fara eftir aðstæðum. „Ef þú færð ibúð á góðu verði sem er viðráðanlegt með náminu eða því sem þú ert að gera… og, þú veist, maður þroskast rosalega mikið við það,“ segir hún. Þau áttu ekki í erfiðleikum með að finna íbúð. Hún og kærastinn voru búin að vera að íhuga að flytja inn saman í dálítinn tíma þegar fyrrnefndur vinur þeirra flutti heim frá Bandaríkjunum í íbúð pabba síns sem býr ennþá úti. „Þetta var bara svolítið fullkomið,“ segir hún. Birta viðurkennir samt að þó hún finni ekki fyrir húsnæðisvandanum núna mun stressið sennilega hellast yfir hana þyrftu þau að færa sig um set. Hún hefði að öllum líkindum ekki flutt að heiman nema í gegnum svona persónuleg tengsl við leigusalann. Að minnsta kosti ekki fyrr en hún yrði tvítug.

Uppáhaldsstaðurinn hennar í íbúðinni er eldhúsið. Sem (skömmustuleg) reykingamanneskja minnist hún á að íbúðina vanti svalir. Því hafi þau fengið leyfi frá leigusalanum til þess að reykja inni í eldhúsi með lokaða hurð. Henni finnst best að vera þar, segir herbergið vera kósý. Aðspurð um hvernig henni líður í íbúðinni og hverfinu svarar hún: „Mjög vel, allt er svo nálægt. Þarf ekki að fara neitt annað.“









HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Mér líður stundum eins og ég geti ekki meir. Hvernig veit maður hvort maður sé þunglyndur en ekki bara leiður? Hvað get ég gert ef að fyrrverandi kærastinn minn setti myndir af mér á netið? Er ekki fáránlegt að líða illa þótt það sé kannski ekkert augljóst að? Er í lagi að tala við ykkur ef það ekkert sérstakt vandamál, ef maður er bara einmana? Er hætulegt ef ég skera sig þótt það sé bara grunnt? Ég vil bara hætta en ég veit ekki hvernig ég hætti. Er hægt að tala við ykkur út af vandræðum með vini, ef maður er bara einmana? Ég þori ekki að tala við foreldra mína um dálítið því ég vil ekki búa til s ra stundum ekki að lifa le g ég næ ekki að stoppa ha fir einhverju sem mér finn geti gert eða sagt. Hvað g a fram úr á morgnanna? mér nægilega mikið til að s gun þyrfti ég að endurtaka ekki einbeitt mér í skó að mæta í skólann? Ég en ég vil ekki gera það verra með því að segja eitthvað. Get ég farið eitthvert ef ég get ekki verið heima hjá mér lengur? Hvar getur maður búið ef maður vill bara búa einhvers staðar annarstaðar? Mig langar stundum bara til þess að stoppa allt og hætta öllu. Hvað get ég gert þegar mér líður eins og ég sé að missa stjórnina? Fósturpabbi minn er vondur við mig og ég þori ekki talað við mömmu um það. Er fólk handtekið fyrir að prufa dóp? Hvern get ég talað við ef ég held að vinur minn sé kominn í neyslu? Ég hef verið að fikta smá við gras og eitthvað og ég held að ég sé að missa stjórnina. Það var brotið á mér og ég þori ekki að segja mömmu og pabba frá því. Ég veit að þetta var rangt en ég veit ekki hvern ég get talað við. Hringið þið á lögregluna ef einhver segir ykkur eitthvað? Hvernig virkar nafnleynd hjá ykkur? Mér líður eins og það sé einhver þoka yfir mér sem ég kemst ekki út úr. Ég held að ég þurfi hjálp. Mig langar bara til að tala við einhvern. Getið þið hjálpað mér?

Það er nóg að byrja á

hæ

Ekkert vandamál er of stórt
eða of lítið fyrir netspjall **1717**

HJÁLPARSÍMI OG NETSPJALL RAUÐA KROSSINS

1717.is

Ókeypis + Trúnaður + Alltaf opið

Við erum alltaf til staðar

Um 95 manna hópur sjálfboðaliða starfar við símsvörun og spjall hjá Hjálparsímanum 1717 og netspjalli Rauða krossins. Allir sjálfboðaliðar hafa farið í gegnum yfirgripsmikla fræðslu, námskeið og þjálfun.

Hlutverk Hjálparsímans 1717 er að vera til staðar fyrir alla þá sem þurfa að ræða sín hjartans mál í trúnaði og einlægni við hlutlausan aðila og má segja að ekkert sé Hjálparsímanum óviðkomandi.

Bókaklúbbur Framhaldsskólablaðsins

Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir

Ríkisfang: Ekkert. eftir Sigríði Víðs Jónsdóttur

Bókin fjallar um átta flóttamannafjölskyldur frá Írak sem komu til Íslands sem kvótaflóttamenn árið 2008 og settust að á Akranesi. Fjölskyldurnar samanstanda allar af einstæðum mæðrum og börnum þeirra. Sigríður Víðis Jónsdóttir blaðamaður kynntist mæðrunum og þær sögðu henni hver sína sögu. Í kjölfar þessara viðtala heimsótti Sigríður flóttamannabúðirnar sem þær dvöldu í við landamæri Íraks. Í bókinni lýsir Sigríður aðstæðunum sem ollu því að forfeður þessa kvenna voru hrakktir á flótta, atburðarás fjölskyldnanna átta frá heimilum sínum í flóttamannabúðirnar og loks hvernig þau enduðu á Íslandi. Bókin er tilvalin fyrir þá sem vilja vita meira um flóttamenn, þeirra aðstæður, og enn fremur hvað olli því að þeir þurftu að leggja á flótta.



Anna frá Stóruborg eftir Jón Trausta

Anna frá Stóruborg er skáldsaga byggð á sönnum atburðum. Sagan er um Önnu Vigfúsdóttur hefðarkonu sem var uppi á 16.öld en var hún afar umdeild. Anna var kunn fyrir samband sitt við Hjalta Magnússon og um þeirra mál fjallar sagan helst. Bróðir Önnu var ekki sáttur við samband hennar og Hjalta og reyndi með ýmsu móti að stía þeim í sundur. Bróðirinn var voldugur maður og ollu stöðug inngrip hans á endanum því að Hjalti var sendur í útlegð. Anna sætti sig ekki við þær málamiðlanir og faldi Hjalta í helli nærri bænum Stóruborg þar sem að hann dvaldi árum saman. Endir bókarinnar er ljúfsár en þó ganga allir þokkalega sáttir frá borði. Anna frá Stóruborg er létt og kómísk á köflum. Góð bók fyrir þá sem vilja lesa gamla klassík en leggja ekki í þyngri doðrantana.

Illska eftir Eirík Örn Norðdahl

Ein mest lofaða bók síðustu ára. Sagan fjallar um uppruna og sambönd Agnesar (lithæenskur innflytjandi af gyðingaættum), Ómars (málfræðingur með meiru) og Arnórs (vel lesin nýnasisti frá Ísafirði). Illska er alls ekki nein venjuleg bók. Eiríkur gefur sér rúmt leyfi til sköpunar á öllum blaðsíðum bókarinnar og er sagan hörkuspennandi á köflum. Nútíma söguleg skáldsaga sem gefur ferska sýn á seinni heimstyrjöldinna og uppgang þjóðernissinna í Evrópu síðustu áratugi. Bókin er áhugaverð lesning í ljósi nýliðinna atburða í Charlottesville og sniðug fyrir þá sem þola ekki stílfast málfar hefðbundna íslenskra bókmennta.

Það sem ég hefði viljað vita áður en ég byrjaði að stunda kynlíf

Ónefndur strákur

Það er enginn eðlilegur aldur til að byrja að stunda kynlíf svo lengi sem það er á réttum forsendum beggja aðila.

Ég byrjaði að stunda kynlíf í sambandi sem ég tel vera kost, ef sambandið er heilbrigt. Í okkar sambandi gátum við rætt um kynlífið áður sem gerði það að verkum að það gerðist á náttúrulegan og eðlilegan hátt. Samt sem áður er alltaf hægt að fara yfir mörk og því er mjög mikilvægt að geta talað um það. Ég hefði viljað áttað mig betur á því hvað mörk fólks eru mismunandi og hversu mikilvægt er að gæta þess á öllum stundum að báðir aðilar séu sáttir. Eins gott og kynlíf er inniheldur það hættulegar breytur og það þarf að passa að það sé hvorki dansað á línu annarra né á þinni.

Ein af þessum breytum er tilfinningalegt gildi. Gott er að hafa í huga að kynlíf hefur mismikið tilfinningalegt gildi fyrir fólk. Það er því mjög mikilvægt að báðir aðilar hafi það á hreinu hvert eðli sambandsins sé utan kynlífsins. Ég hefði viljað gera mér grein fyrir hvað samskipti eru ótrúlega mikilvægur þáttur í kynlífi. Gott kynlíf er ekkert annað en samskipti með afar sérstakri líkamstjáningu.

Sem karlmaður með flöktrandi kynhneigð hefði ég viljað vita meira um samkynhneigt kynlíf áður en ég stundaði það fyrst. Eftir á að hyggja er það sú kynlífsreynsla sem rótaði hvað mest í tilfinningum mínum. Þar voru hlutir sem komu hvað mest á óvart. Það var ekki líkamlega hliðin heldur frekar andlegu þættirnir. Ég fann fyrst fyrir skömm að einhverju leyti í kynlífi. Í þessu atviki var dansað á bæði línunni og mörkunum. Samskiptin í kynlífinu voru ekki nógu góð til þess að halda þessu á góða svæðinu. Eftir á að hyggja horfi ég ekki tilbaka og hugsa um atvikið sem óþægilegt. Ég hefði hinsvegar viljað vita hvernig eigi að taka á því þegar báðir aðilar eru ekki á sama stað í kynlífi, þegar annar aðilinn er vanari á þessum grundvelli. Ég upplifði ekki jafningjasamband í kynlífinu.

Í samkynheigðu kynlífi eru engar reglur og engar hefðbundnar kynímyndir. Það er enginn sem á að taka eða vera tekinn. Þessi reynsla braut hinsvegar skemmtilega niður karlmannsímyndina sem ég finn að er 100% til staðar. Ég finn það því hún hindrar, heldur aftur af mér, minni tjáningu og tilfinningum.

Áfengi heldur oft aftur af manni líka. Kynlíf undir áhrifum áfengis leggur meiri áhættu í spilin. Það dregur úr ánægjunni.

Ég hefði viljað vita að það er í lagi að ná honum ekki upp. Ýmsar ástæður geta verið fyrir því og það þarf ekki alltaf að vilja stunda kynlíf. Það er í raun það sem er hvað mest í lagi en hvað minnst viðurkennt. Að mínu mati er ekki heitt að finnast ekki vera búið að leggja grundvöll fyrir því sem koma skal.

Dýrmætast í þessu öllu er að átta sig á því hve mikilvægt er að koma til dyranna eins og þú ert klæddur (eða ekki klæddur). Að hafa ekkert að fela.

Silja Snædal skrifar

Kynlíf elskan, tölum um þig og mig. Eða allavega um mig.

Ég byrjaði að stunda kynlíf sumarið eftir fyrsta menntaskólaárið mitt. Ég var spennt, stressuð og svo ung og óreynd. Ljúfir tónar Marvin Gaye í ástarballöðunni Sexual Healing slökuðu vissulega á taugunum þótt líklegast hafi það verið áfengið sem hjálpaði mest. Tilfinningarnar voru margar sem helltust yfir mig daginn eftir. Sú sem yfirgnæfði hinar var léttirinn. Ég fann fyrir létti yfir að þetta hefði ekki verið óbærinlega vont, það hefði ekki blætt og að þetta væri loksins búið. Ég var loksins búin að losa mig við meydóminn. Núna gat ég stundað það kynlíf sem ég vildi. Þetta er líklega það fyrsta sem ég hefði viljað vita áður en ég byrjaði að stunda kynlíf. Mýtan um hina örlagaríku stund þar sem þú “missir meydóminn” er rugl. Þú missir ekki neitt. Það hefur ekkert verið tekið frá þér. Sá hugsunarháttur að fyrsta skiptið er eitthvað sem þurfi að ljúka af er hinsvegar líka hættulegur. Fyrsta skiptið, rétt eins og kynlíf almennt, á að vera ánægjulegt fyrir báða/alla aðila. Mitt skipti var frábært og ég mun aldrei sjá eftir því. Ég vona að það sé reynsla sem flestra.

Ég vona einnig að sem flestir hafi heyrt tvö mjög mikilvæg orð. Kynferðislegt jafnrétti. Sjálf heyrði ég þetta hugtak fyrst í Ted talk þætti fyrir stuttu en mér fannst það undir eins vera svo viðeigandi. Það á ekki að stunda kynlíf til að þóknast einhverjum. Aðilunum á að líða vel í kynlífi og þora að segja hvað þeim finnst gott og ekki gott óháð kyni. Samskipti eru óendanlega mikilvæg. “þori ekki að vera ég sjálfur fyrir framan hana. Rúlla mér eina og við byrjum að tala saman” eins og skáldið sagði. Samskipti í kynlífi eru óendanlega mikilvæg eins og hann Floni veit.

Það á alltaf við. Alveg sama þótt kynlífið á sér stað í sambandi eða bara einnar nætur gaman.

Einnar nætur gaman getur verið mjög skemmtilegt en gott er að hafa í huga að það þarf ekki að vera meira. Þótt að hinn aðilinn biðji um númerið þitt þarftu ekki að gefa honum það og eiga hræðilegasta ástarsamband sem sögur hafa farið af sem endar á dramatískum sambandsslitum á rómantískum veitingastað við árbakka í Norður-Ítalíu. Það er allt í lagi að sofa hjá einhverjum og hitta manneskjuna aldrei aftur. Í sumum tilvikum hefði það verið nauðsynlegt.

Það sem er oft nauðsynlegt í kynlífi er smokkurinn. Allavega ef engin önnur getnaðarvörn er notuð og planið er ekki að komast í íslenska Teen Mom þáttinn sem ég er að vinna í að koma á Stöð 2. Ég býst ekki við að það séu til einhverjir raunveruleikaþættir um ungt fólk sem fær kynsjúkdóma en ef svo er mæli ég ekki heldur með að leika í þeim. Það er svo miklu auðveldara að nota smokkinn. Ég hefði viljað verið látin vita af því hve margir ætla sér ekki að nota smokk í kynlífi. Það hefði vissulega sparað mér 3 mánuði af áhyggjum yfir því hvort ég væri með klamydíu vegna þess að ég þorði/nennti ekki til kvensjúkdómalæknis. Ég hefði einnig viljað vita hvað skeiðasýklun, eða bacterial vaginosis, væri sem ég komst að að ég væri í raun með þegar ég dreif mig loksins til læknis. Til að taka það skýrt fram þá er það ekki kynsjúkdómur en deilir hinsvegar mörgum einkennum með klamydíu. Svona er kvenlíkaminn skemmtilegur.

Ég vona að núna sé ég ekki komin hættulega nálægt því að hljóma eins og íþróttakennarinn í Mean Girls sem varaði stöðugt við því að stunda kynlíf því afleiðingarnar yrðu undantekningarlaust klamydía og þar með dauði. Ég ætla að taka áhættuna á því og segja að kynlíf sé ekki hættulaust. Í kynlífi fara ýmsar bakteríur á kreik og því er mjög mikilvægt að manneskjur með píkur pissi eftir kynlíf. Mjög mikilvægt. Annars er hægt að fá þvagfærasýkingu og þú munt enn og aftur halda að þú sért mögulega komin með klamydíu. Þessu komst ég að fyrir nokkrum mánuðum á twitter. Tveimur árum of seint.

Allt getur gerst í kynlífi. Það er ekki heimsendir ef þú byrjar á túr í miðjum klíðum, píkuprumpar eða það er erfitt að koma honum inn. Það eru fleiri sem hafa lent í því. Munið bara að forleikur er gríðarlega mikilvægur sem og samþykki og samskipti.

Ég vona innilega að kynfræðsla verði gerð að áfanga í framhaldsskólum því ég er svo sannarlega ekki sérfræðingur þótt ég sé afar vitur.

KFC®

ALLTAF ÓMISSANDI

★ IT'S FINGER LICKIN' GOOD ★

JARÐHÆÐ:

Samhengislaus sögubrot af ímynduðu kaffihúsi

Nafnlaus smásaga

YNJA I

Kaffið þyrlaðist um í bollanum. Hringiðan snerist og snerist og fór að hægja á sér. Hann leit upp þegar kyrrðin tók yfir bollann. Ilmurinn af kaffi var yfirgnæfandi en inn á milli leyndist kalt eða brennt bakkelsi. Það var þögult. Eins þögult og troðfullt kaffihús getur verið. Niðurinn í vélinni læddist upp stigann en fólkið hrærðist varla. Borðarunan var full, sitt á hvað. Engin pör, bara einstaklingar. Allir ská á móti hvor öðrum. Hann klæjaði í buxnavasann, undan símanum sem lá þar hreyfingalaus. Ekkert bíp, ekkert titur. Bara þögn og kyrrð.

„Steini?“

Ynja settist á móti honum, smeygði sér á milli tveggja þögulla sessunauta hans sem bærðust aðeins og annar skaut henni lymskylega illt auga. Sessunauturinn sneri sér fljótlega aftur að Hemingway þegar hún mætti augnliti hans.

„Hvernig hefurðu það?“ Hún var í sama svarta gallajakkanum og síðasta haust með þykka gullhringi hangandi úr eyrunum.

„Fínt.” Hann hallaði sér aftur í sætinu og andaði frá sér.

„Sjúklega langt síðan ég hef séð þig! Ertu ennþá í MH?“

„Útskrifast í vor.“

„Næs, næs. Svo upp í HÍ?“ Hún læddi toppnum á bak við eyrun og lyfti brúnum.

„Ætli það ekki.“ Hann forðaðist markvisst að hugsa um HÍ.

„Einmitt ... Ég er þar núna, sjúkt fjör. Miklu stærra félagslíf, líka.“

„Já, Snædís sagði mér það.“

„Aa, auðvitað, líka langt síðan—“

„YNJA!“ Hún leit upp.

„Ó, þá hugsa ég að ég fari að rölta af stað,” sagði hún og stóð upp. „Gaman að sjá þig!“ kallaði hún yfir öxlina sína og stökk af stað að ná í kaffið sitt sem sat á afgreiðsluborðinu í götumáli. Ynja var annað hvort latte eða americano, ekkert inn á milli. Steini hagræddi sér í sætinu sínu til að koma auga á drykkinn meðan hún náði í lok, en það var án árangurs og á svipstundu var lokið fast á bollanum og hún hentist út um hurðina, út í haustrokið. Vindurinn hvein og dæsti inn um rifuna sem hún skildi eftir. Enginn stóð upp til að loka hurðinni og dragsúgurinn seytlaði inn.

Hrollur leitaði upp handleggi hans, í gegnum axlir og inn að bringu. Sessunauturinn skalf lítillega. Enginn stóð upp til að loka hurðinni. Steini leit ofan í bollann sem var aftur byrjaður að iða.

SESSUNAUTURINN

„Ameríkanó?“ spurði kaffibarþjónninn meðan hún pikkaði inn í kassann. Hann kinkaði kolli og rétti fram kaffikortið sitt. Hún dró fram forneskjulega stimplasafnið og grandskoðaði þann elsta og skítugasta. Stimpillin skildi eftir sig snyrtilegan blekbolla á áttunda skiptinu.

„Eitt skipti í frían bolla,“ sagði hún og brosti með munnvikunum. Steini hálfbrosti til baka og lyfti augabrúnunum. Hvernig átti hún að túlka það? „435 krónur, borga með korti?“

Hann dró fram brúna tauveskið sem hann hafði átt lengur en kortið og bar það upp að posanum. „Afritið,“ sagði hún spurnarlaust meðan hún þrýsti á rauða x-ið. „Kem með það til þín þegar það er til.“

Hann settist við hliðina á sama manni og alltaf án þess að yrða á hann. Sessunauturinn drakk tvöfaldan latte með flóknu mjólkurmynstri og mynstrið virtist flækjast með hverju skiptinu sem hann mætti. Hann las eingöngu bækur eftir dauða, hvíta karlmenn og þessi tiltekni dagur var engin undantekning. Steini ímyndaði sér að sessunauturinn væri búinn að lesa sig út í horn. Þar sem hann var búinn að lesa svo mikið af bókum eftir dauða hvíta karla neyddist hann til að lesa þær allar. Hvers vegna lesa Vonnegut ef þú ætlar ekki að lesa Kafka? Hver er Dostoevsky ef þú kannast ekki við Tolstoy? Hvers vegna vísa í Joyce ef þú getur ekki vísað í Proust? Þannig Steini settist við hliðina á honum daglega til að finna neyðina hrærast upp í andrúmsloftinu. Sessunauturinn fetaði sig í sífellu upp metorðastiga tilgerðarinnar, en þrepin virtust hverfa þegar hann steig af þeim. Bannað að lesa niður fyrir sig.

Hver sopi vann á mynstrinu þar til eftir var froðuklessa og mjólkursull. Sessunauturinn átti hálfan bolla eftir þegar hann fékk sér áfyllingu. Steini fylgdist með honum smeygja sér á milli tölvusnúranna og taupokanna sem lágu meðfram borðaröðinni, haldandi á bollanum eins og heilögu grali. Það hvæsti í kaffikönnunni meðan hann þrýsti á handfangið. Hún sprautaði heitum kaffileifum og dæsti. Sessunauturinn andvarpaði og lagði af stað niður stigann að afgreiðsluborðinu. Kaffibarþjónninn stökk til með nýja könnu og sessunauturinn faldi hálfan bollan fyrir henni meðan hann fyllti á og rölti aftur að sætinu sínu. Blóðið var farið að hellast fram í kinnarnar hans og Steini glotti. Það ískraði í stólnum þegar sessunauturinn dró hann fram og kúnnamengið skaut honum illt auga án þess að líta upp.

IÐUNN I

Af óskiljanlegum ástæðum voru þriðjudagar uppteknustu dagarnir. Steini var þriðji í röðinni en sessunauturinn var þegar mættur með gamalt eintak af alþýðubókinni í annarri hendi og ónotaða teskeið í hinni. „Eruði með íslatte?“ spurði stelpan sem stóð fremst í röðinni. „Jamm, einn þannig?“ Stelpan kinkaði kolli. „En geturðu sleppt kaffinu?“

Steini kipptist til. ,

„Íslatte án expressó?“ spurði kaffibarþjónninn og brosti skilningsvana. Stelpan kinkaði kolli. “Ókei, þá er það 625 kr. Borga með korti?“ Stelpan dró fram þúsundkall og hrifsaði til sín klinkið. „Kem með þetta til þín þegar það er tilbúið.“

Kaffibarþjóninn horfði á Steina og hann fann fyrir samskonar hrylling í augum hennar. Hann fylgdist með stelpunni feta sig upp stigann. Þegar hún kom auga á sessunautinn var þetta búin spil. Löturhægt dró hún fram stólinn hans Steina og settist ská á móti sessunautnum. Kúnnamengið leit örsnöggt á hana og þarnæst á Steina áður en þau sneru sér aftur að eigin málum. Nema að hann settist beint við hliðina á einhverjum á efri hæðinni, þá voru engin sæti. Hann þyrfti að sitja á neðri hæðinni á einu af tvímennningsborðunum sem stóðu alltaf tóm. Ekki í dag. „Ameríkanó?“

„Er reyndar með djúpstæða löngun í flóaða mjólk með klökum,“ sagði hann og kaffibarþjónninn hnussaði og brosti. „En það þarf víst að bíða. Skelli mér að minnsta kosti í americano núna.“ Hann rétti fram kaffikortið og bar tauveskið að posanum sem pípti. „Afritið? Næsti bolli er frír,“ sagði hún og brosti. Tennurnar hennar voru beinar og merkilega lausar við kaffibletti. „Kem með það til þín,“ bætti hún loks við og sneri sér að næsta kúnna.

Sessunauturinn fletti harkalega og forðaðist að líta á Steina meðan kaffibarþjónninn klofaði tölvusnúruna hans með íslatte í annarri hendi. Hún lagði hann mjúklega niður fyrir framan stelpuna sem brosti og dró hann að sér. Hún saup á honum og leit á símann sinn. Hurðin opnaðist og dragsúgurinn réðist að Steina. Hárið flaug inn á undan henni og síðast fylgdi frakkinn sem dansaði í kringum fætur hennar. Hún gekk upp stigann og snerti öxl stelpunnar laust og náið. Stelpan stóð upp og faðmaði hana að sér. Sama brúna hárið, sami kjálkinn og sömu varir. Stelpan dró jakkann sinn af borðinu og greip glasið. Hún spígsporaði aftur niður stigann og lagði jakkann frá sér á borði við gluggann, þrem skrefum frá Steina. „Get ég aðstoðað?“ Kaffibarþjónninn beið eftir svari og stelpan í frakkanum virtist hugsa sig um. „Já, ég ætla að fá tvöfaldan espresso. Gæti ég fengið hann í stærri bolla?“ Kaffibarþjónninn kinkaði kolli. „Eitthvað fleira? Þá eru það 435 kr. Borga með korti?“ Hún kinkaði kolli. „Eruð þið með kaffikort?“ Kaffibarþjónninn dró fram stimplasafnið og ataði fyrsta reit kortsins út í bleki. „Kem með það til þín þegar það er tilbúið,“ sagði hún og brosti með munnvikunum.

Sími titraði. Stelpan leit á símann sinn. Hún lagði íslatteinn frá sér um leið og stelpan í frakkanum settist niður. „Mamma er að hringja, bíddu aðeins,“ sagði hún og færði símann upp að eyranu. „Hæ! Nei ég er á kaffihúsi með Iðunni. Æj, þarna Jarðhæð, það er eiginlega hjá Skólavörðustígnum. Semí í kjallara? Nei, ókei. Ég veit það ekki. Iðunn, ætlarðu að borða heima?“ Hún leit á stelpuna í frakkanum, Iðunni. Iðunn yppti öxlum. „Jájá, ég get svosem gert það.“ Stelpan brosti. „Já, hún kemur í mat. Veit ekki alveg hvað er langt í okkur. Ókei, já. Sjáumst á eftir. Jamm. Ekkert mál. Ókei geri það. Ókei bæ. Jamm skal láta þig vita. Bless, mamma. Já, elska þig líka. Bæ.“ Hún skellti á. „Guð minn góður. Hún hætti ekki.“ Iðunn hló.

Kaffibarþjónninn lagði americano við hliðina á honum. „Gjörðu svo vel,“ sagði hún og gekk þrjú skref að næsta borði. „Hérna.“ Hún rétti fram tvöfaldan espresso í stærri bolla. Hún leit í áttina að stiganum og gekk aftur að afgreiðsluborðinu. Sessunauturinn leit ekki upp og fletti um blaðsíðu.

Sætið ská á móti honum stóð autt. Hann skellti aftur bókinni og tróð henni ofan í laxness taupokann sinn. Hann strunsaði að afgreiðsluborðinu með tóman bolla í hendi. „Er allt í lagi að ég fái áfyllingu í götumáli?“ spurði hann kaffibarþjóninn. Steini hafði aldrei heyrt hann tala áður. Röddin hans var pólitísk og smeygði sér þvert yfir herbergið. Systir Iðunnar leit upp og roðnaði. „Hann er í 6.A,“ hvíslaði hún að Iðunni. Sessunauturinn leit við. Systir Iðunnar stirðnaði upp. Kaffibarþjóninn rétti honum götumál og hann rölti að kaffikönnunni. Hann þrýsti handfanginu niður og heitar kaffileifar drupu ofan í bollan. „Ah, ertu að fokka í mér.“ Hann gekk aftur að afgreiðsluborðinu. „Kaffið er búið,“ sagði hann, hreytti orðunum útúr sér eins og blótsyrðum. „Ó, ég er að hella upp á nýja könnu en það eru svona þrjár mínútur í hana.“

Steini fylgdist með örvæntingunni breiðast yfir andlit sessunautsins. Systirin starði á hendurnar sínar meðan Iðunn talaði. Steini bannaði sér markvisst að hlusta. Hann vissi þegar meira en eðlilegt gat talist.

KAFFIBARÞJÓNNINN

Kaffibarþjónninn var ekki að vinna. Í stað hennar stóð hinn eðlilegasti afgreiðslumaður. „Hvað má bjóða þér?“ sagði hann og brosti ógagnsætt. „Americano,“ sagði Steini og íhugaði að gefa nánari fyrirmæli. Hann leyfði honum að njóta vafans. „Eitthvað fleira?“ Steini horfði yfir sýnisborðið og þóttist íhuga. Samanskroppin og brennd croissant á 400 kr blöstu við honum. „Ekki eins og stendur, nei.“ Afgreiðslumaðurinn kinkaði kolli. „Allt í lagi, það er þá 485 kr.“ Steini brosti. „Ég er með námsmannaafslátt. 50 kr af öllum kaffidrykkjum,“ bætti hann við þegar afgreiðlumaðurinn horfði skilningsvana á hann. „Já, einmitt. Þá er það 435 kr.“ Steini bar kortið sitt upp að posanum. „Gæti ég fengið nýtt kaffikort?“ Hann setti það nýstimplað við hliðina á því gamla, þar sem frí bollinn stóð enn auður. „Hvað er nafnið?“ spurði afgreiðslumaðurinn. „Steini.“

Sessunauturinn sat hneykslaður á sínum venjulega stað og horfði á bylgjumynstrið í bollanum sínum. Kúnnamengið stóð upp sitt á hvað og sótti drykkina sína. Hver á eftir öðru hreyttu þau þakkarorðum í afgreiðslumanninn. „STEINI!“

Sessunauturinn kinkaði til hans kolli og fletti í Dostoevsky. Steini gekk yfir aragrúann af tölvusnúrum, framhjá áfyllingarborðinu og færði sig niður hina örlagafullu stiga. Á afgreiðsluborðinu beið hans bolli. Efsti hlutinn var nánast gagnsær. Þetta leit meira út eins og uppáhelling en nokkuð annað. „Takk.“ Steini gekk aftur upp stigann með kaffisullið í lófunum. Sessunauturinn skaut augum í bollann og hristi hausinn. Kaffið ólgaði í bollanum og hentist hættulega upp eftir brúnunum. Afgreiðslumaðurinn fór yfir afgreiðsluborðið með blautri tusku, hún lenti í vasknum með köldu slabb hljóði og hann snyrti til í sýnisborðinu. Steini fylgdist með honum færast á milli staða meðan hann tikkaði í boxin á hreingerningalistanum. Hann íhugaði að segja honum að hann gæti ómögulega raðað croissant upp á nógu girnilegan hátt til að nokkur fastakúnni myndi eyða 400 kr í þau. Afgreiðslumaðurinn batt svuntuna fastar utan um mjaðmirnar sínar og leit yfir kaffihúsið. Hann náði augnsambandi við Steina og sessunautinn. Sessunauturinn leit undan en Steini nikkaði til hans höfðinu. Afgreiðslumaðurinn leit undan og Steini horfði á snöggrakaðan hnakkann hans meðan hann þurrkaði af kaffikvörninni í þriðja skipti.

Hún gekk inn bakdyramegin og batt svuntuna utan um mittið. Hárið hennar var í kunnuglegum snúð aftan í hnakka. Sessunauturinn horfði staðfast ofan í bókina sína en augun hans færðust ekki niður eftir blaðsíðunni. Kaffibarþjónninn horfði í kringum sig og brosti. Hún leit á kaffikvörnina og brosið breikkaði. Afgreiðslumaðurinn kvaddi. Steini leit á kaffisullið og skoðaði innviði bollans í gegnum vökvann. Sessunauturinn saup á lattenum og gretti sig. Þeir mönuðu hvorn annan áfram. Steini var fyrri til að standa upp. Hann rölti niður stigann og brosti skömmustulegur til kaffibarþjónsins. Sessunauturinn fylgdi í kjölfarið. „Afsakaðu að vera með vesen, en er séns á að fá nýtt kaffi? Þetta er frekar þunnt og bragðast eins og venjuleg uppáhelling. Ég get sett það á kaffikortið mitt, á inni frían bolla,“ sagði Steini. Hún brosti. „Neinei, ekkert stress. Ég skal útbúa einn ameríkanó ... og latte?“ Hún leit á sessunautinn sem kinkaði kolli og rétti fram

bollann. Hún leit á aumkunarverða mynstrið og hristi höfðið brosandi. „Held að þið séuð of góðu vanir," bætti hún við og hellti drykkjunum í vaskinn. „Kem með það eftir smá."

Kúnnamengið andaði léttar.

IÐUNN II

Servíetta sat við hliðina á bollanum, útkrotuð. Steini fylgdist með henni færa pennann eftir efninu. Hann horfði ofan í bollann sinn. Karamellubrúna kremhulan lék við brúnirnar. Hún saup á tvöfalda espressonum sem sat fyrir framan servíettuna. Pennastrikin voru farin að taka á sig mynd. Hann leit frá og horfði niður eftir stigunum, í átt að hurðinni. Fyrir utan var farið að snjóa. Blautur byrjunarsnjór sem sullaðist upp eftir gluggunum. Á servíettunni blasti við honum kunnugleg mynd. Strákur í kringum tvítugt í víðum stuttermabol að horfa niður. Liðað hár, dökkir baugar, stórt nef. Hún færði sig að næsta striki. Sveigð lína varð fótur sem beindist upp í loftið. Hún hafði teiknað þessa mynd ótaloft, skildi hann. Hún hafði bara teiknað Steina einu sinni. Hún sneri sér aftur að honum. Hárið lifnaði við í kringum höfuðið. Lokkarnir sem láku fram á enni bættust við. Baugarnir dekktust. Augun skerptust. Hún leit frá honum og saup á bollanum sínum. Hann hafði aldrei litið í augun á henni. Þetta var of langt gengið til að voga sér. Kaffið hans var farið að kólna. Hún var í sama frakkanum. Sama brúna hárið, sami kjálkinn og sömu varir. Hann vissi af því.

Hann leit upp þegar hún færði sig að næsta striki. Hann þurfti ekki að vita hvað var að fæðast á blaðinu. Hann sá samskonar dökka bletti undir augunum hennar og hann sá í speglinum. Hennar voru dökk fjólubláir. Þeir blómstruðu undir húðinni hennar sem var gagnsæ. Hann gat séð æðar í gegnum augnlokin og freknur sátu á kinnunum hennar en virtust huldar hvítu lagi. Hann gat séð í gegnum hana. Hún leit upp og hann leit frá.

Sessunauturinn bærðist ská á móti honum. Hann virti fyrir sér servíettuna af gaumgæfni. Iðunn vissi ekki af honum. Hann sneri sér aftur að bókinni sinni. Dostoevsky virtist enn halda í hann. Froðuleifar sátu eftir innan á brúnum bollans og ljósbrúnt mjólkurkaffi hírðist enn á botninum. Hann stóð upp. Iðunn leit við. Hann fetaði sig yfir snúrurnar í áttina að áfyllingaborðinu. Hann dró stólinn aftur til sín og settist niður með nýfylltan bollann. „Þetta er mjög flott," sagði hann. Steini var ekki viss um að hann væri yfir höfuð að tala við hana. Í besta falli á hana. Hún brosti, hissa. „Takk." Hún bjóst ekki við því að hann væri sá sem hrósaði henni. Sessunauturinn yppti lítillega öxlum og sneri sér aftur að bókinni. Hann notaðist aldrei við bókamerki og hann braut aldrei uppá horn. Hann lokaði bókum í hvert skipti sem hann fór frá þeim.

YNJA II

Ferskur blómafnykur umlukti hann. Kunnuglegur. „Steini? Er þér sama þótt ég setjist hérna?" Ynja benti á sætið við hliðina á honum. Hann bandaði hendinni frá sér og yppti öxlum. „Flott, það er aldrei neitt laust," sagði hún og brosti. Hún brosti með tönnunum, hálflokuð augu, frekjuskarð. Hann kinkaði lítillega kolli. „Allt í flottu, ég fer þá að panta." Hún gekk af stað. Svartur jakki, sumarkjóll, íþróttasokkar og hvítir hælaskór. Grár bakpoki í sætinu við hliðina á Steina. Hún leit alltaf út eins og auglýsing. Það sést hverjir drekka kristal ómaði í höfðinu þegar hún var nálæg.

Gluggatjöldin skýldu kúnnamenginu frá harkalegri vetrarbirtunni. Skammdegið var farið að taka á sig mynd og Steini eyddi þeim örfáu sólartímum sem honum veittust í myrku herbergi með kaffi og ókunnugum kunningjum. Birtan sem ratаði í gegnum gluggana var afmynduð og rauðleit, hún blandaðist inn í rafmagnslýsta andrúmsloftið og Ynja lýstist appelsínugulum blæ meðan hún pantaði kaffið sitt. Steini gat ekki lesið varirnar hennar. Hún sneri aftur.

Stóllinn ískraði þegar hún settist niður og sessunauturinn gretti sig. Hún togaði í reimarnar á bakpokanum og dró fram símann sinn. Stillti honum upp í hægra horni borðsins, út við brúnina. Skjárinn sneri upp. Hann lá lóðrétt upp við brúnina. Hún dró upp bókastafla. Þær rötuðu upp úr töskunni í stærðarröð, fremst lá lítil glósubók. Svart leður, alsett pappírfánum milli blaðsíðna í mismunandi tilbrigðum af bláum og grænum.

Hrollur leitaði upp hægri ökklann hans þar til hann komst að brjóstkassanum. Hann andaði móðu. Hurðin skelltist aftur. Hávaxinn maður í ullarjakkafötum steig inn og dró af sér gráan regnfrakka. Hann skellti aftur kjálkunum við hvert skref. Hann var með hringlaga gleraugu sem minntu Steina á kalda stríðið. Hárvöxturinn hans var farinn að dofna og kollvikin læddust sífellt fjær enninu. Steini leit frá manninum. Maðurinn skipti hann engu máli.

Steini kipptist við þegar símaskjárinn hennar Ynju lýstist hljóðlaust upp. Hún leit forviða á hann. „Allt í góðu?"

„Hmm? Já," sagði hann. Hún kipraði saman augun lítillega. Steini reyndi að skynja hvort Ynja vissi hversu gagnsæ hún var. Hún lokaði glósubókinni þó doðranturinn sem hún var að glósa upp úr sat ennþá opinn á borðinu.

„Hvað ert þú búinn að vera að gera uppá síðkastið?" Hún krosslagði fæturnar og sneri sér að honum. Hann yppti öxlum.

„Ekkert mikið. Bara læra."

„Einmitt. Sama hér," sagði hún og brosið stirðnaði. Þreyta lak í gegnum munnvikin þegar þykjustan lét undan. „Ertu ekkert að vinna?"

„Bara um helgar."

„Hmm ókei," sagði hún í uppgjafartón. „Nett." Hún leitaði aftur í glósubókina sem beið hennar eftirvæntingarfull.

Þögn lagðist aftur yfir borðið og sessunauturinn hristi hausinn ofan í bókina þó það væri grunsamlega langt síðan hann fletti.

Námsmannaíbúðir til leigu

Byggingafélag Námsmanna hefur til leigu einstaklings-, par- og fjölskylduíbúðir í Reykjavík og Hafnarfirði, fyrir námsmenn. Stærðir íbúða eru á bilinu 40-70 fermetrar. Hagstætt leiguverð og góð þjónusta umsjónarmanna sem unnt er að kalla til ef eitthvað þarf að laga.

Allar nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni www.bn.is eða á skrifstofu félagsins að Skeifunni 19, 4.hæð, s. 570-6600. Opið frá 10.00 – 14.00 alla virka daga.

Byggingafélag námsmanna



Vinkonur

Myndaþáttur eftir Iðunni Daníelsdóttur

Fyrirsætur:
Hekla Kristínardóttir
Valgerður Björnsdóttir
Þuríður Hannesdóttir

skógurinn

skógurinn lyktaði eins og
ávextir sem urðu eftir í sólinni,
eins og sviti

hann andaði ekki eins og hún
alltof hratt, og skoppandi
eins og steinn á hljóðu vatni
heldur endist hver andardráttur
í marga klukkutíma
mjúkur og lúmskur
til að raska ekki kyrrðinni

hún hefði sennilega ekki tekið
eftir önduninni
hefði hún ekki lagt hendur sínar
á trjábol
og fundið fíngerðan andann
renna út á milli fingra sinna

skógurinn andaði eins þungt og
hann gat
leyfði loftinu að að hrista rætur
sínar
og skekja trjátoppana
svo að hún gæti fundið fyrir
önduninni
og myndað takt við hana

hann hvatti hana til þess
að hægja á sér
og hætta að hafa áhyggjur
af löngu liðnum hlutum

og er hún labbaði
sá ég litlar greinar
teygja sig fram til að snerta
hana
feimnar í fyrstu
að laumast yfir fætur hennar

svo djarfari
vefja sig hægt og rólega
upp kringum úlnliðin
og í gegnum hárið

skuggi óttans skalf við snerting-
arnar
en hún bar höfuð sitt hátt
og leyfði klifurjurtunum að
skríða í gegnum fingur sína

og vindurinn hvíslaði að henni

„stríðið er búið
þér er fyrirgefið
þú þarft ekki að iðrast lengur
þér er fyrirgefið
hann er búin að fyrirgefa þér“

ég fann frá skóginum
gegnsýrandi velvild
og stillt loforð
um að vernda hana

skógurinn var hrifinn
af blíða ljósinu
sem hún geymdi í barmi sínum

hann var hugfanginn af því
hvernig ljósið flökti
stundum alltof hratt
og hvernig hún vissi ekki alveg
hvað hún átti að gera við það

skógurinn þurfti að færa sig
hægt
því hún var mjúk sál
eins og fiðrildin hans
og blómálfarnir

laufin blístruðu fyrir hana
og lundurinn sendi til hennar
unaðslegustu tilfinningu
sem hann gat kallað til
enskógurinn lyktaði eins og
ávextir sem urðu eftir í sólinni,
eins og sviti

hann andaði ekki eins og hún
alltof hratt, og skoppandi
eins og steinn á hljóðu vatni
heldur endist hver andardráttur
í marga klukkutíma
mjúkur og lúmskur
til að raska ekki kyrrðinni

hún hefði sennilega ekki tekið
eftir önduninni
hefði hún ekki lagt hendur sínar
á trjábol
og fundið fíngerðan andann
renna út á milli fingra sinna

skógurinn andaði eins þungt og
hann gat
leyfði loftinu að að hrista rætur
sínar
og skekja trjátoppana
svo að hún gæti fundið fyrir
önduninni
og myndað takt við hana

hann hvatti hana til þess
að hægja á sér
og hætta að hafa áhyggjur
af löngu liðnum hlutum

og er hún labbaði
sá ég litlar greinar
teygja sig fram til að snerta
hana
feimnar í fyrstu
að laumast yfir fætur hennar

svo djarfari
vefja sig hægt og rólega
upp kringum úlnliðin
og í gegnum hárið
skuggi óttans skalf við snerting-
arnar
en hún bar höfuð sitt hátt
og leyfði klifurjurtunum að
skríða í gegnum fingur sína

og vindurinn hvíslaði að henni

„stríðið er búið
þér er fyrirgefið
þú þarft ekki að iðrast lengur
þér er fyrirgefið
hann er búin að fyrirgefa þér“

ég fann frá skóginum
gegnsýrandi velvild
og stillt loforð
um að vernda hana

skógurinn var hrifinn
af blíða ljósinu
sem hún geymdi í barmi sínum

hann var hugfanginn af því
hvernig ljósið flökti
stundum alltof hratt
og hvernig hún vissi ekki alveg
hvað hún átti að gera við það

skógurinn þurfti að færa sig
hægt
því hún var mjúk sál
eins og fiðrildin hans
og blómálfarnir

laufin blístruðu fyrir hana
og lundurinn sendi til hennar
unaðslegustu tilfinningu
sem hann gat kallað til
en geymdi greinarnar
fyrir sjálfan sig í þetta skipti

í hvert sinn sem hún þræddi
stígana
sem fléttuðust saman
yfir allt skógargólfið
sá ég hvernig hún og skógurinn
voru að verða eitt

og ég hugsaði
að ef hún opnaði munninn
og talaði
þá myndi skógurinn svara

skógurinn lyktaði eins og
ávextir sem urðu eftir í sólinni,
eins og sviti

hann andaði ekki eins og hún
alltof hratt, og skoppandi
eins og steinn á hljóðu vatni
heldur endist hver andardráttur
í marga klukkutíma
mjúkur og lúmskur
til að raska ekki kyrrðinni
hún hefði sennilega ekki tekið
eftir önduninni
hefði hún ekki lagt hendur sínar
á trjábol
og fundið fíngerðan andann
renna út á milli fingra sinna

skógurinn andaði eins þungt og
hann gat
leyfði loftinu að að hrista rætur
sínar
og skekja trjátoppana
svo að hún gæti fundið fyrir
önduninni
og myndað takt við hana

hann hvatti hana til þess
að hægja á sér
og hætta að hafa áhyggjur
af löngu liðnum hlutum

og er hún labbaði
sá ég litlar greinar
teygja sig fram til að snerta
hana
feimnar í fyrstu
að laumast yfir fætur hennar

svo djarfari
vefja sig hægt og rólega
upp kringum úlnliðin
og í gegnum hárið

skuggi óttans skalf við snerting-
arnar
en hún bar höfuð sitt hátt
og leyfði klifurjurtunum að
skríða í gegnum fingur sína

og vindurinn hvíslaði að henni

„stríðið er búið
þér er fyrirgefið
þú þarft ekki að iðrast lengur
þér er fyrirgefið
hann er búin að fyrirgefa þér“

ég fann frá skóginum
gegnsýrandi velvild
og stillt loforð
um að vernda hana

skógurinn var hrifinn
af blíða ljósinu
sem hún geymdi í barmi sínum

hann var hugfanginn af því
hvernig ljósið flökti
stundum alltof hratt
og hvernig hún vissi ekki alveg
hvað hún átti að gera við það

skógurinn þurfti að færa sig
hægt
því hún var mjúk sál
eins og fiðrildin hans
og blómálfarnir

laufin blístruðu fyrir hana
og lundurinn sendi til hennar
unaðslegustu tilfinningu
sem hann gat kallað til
en geymdi greinarnar
fyrir sjálfan sig í þetta skipti

í hvert sinn sem hún þræddi
stígana
sem fléttuðust saman
yfir allt skógargólfið
sá ég hvernig hún og skógurinn
voru að verða eitt

og ég hugsaði
að ef hún opnaði munninn
og talaði
þá myndi skógurinn svara

geymdi greinarnar
fyrir sjálfan sig í þetta skipti

í hvert sinn sem hún þræddi
stígana
sem fléttuðust saman
yfir allt skógargólfið
sá ég hvernig hún og skógurinn
voru að verða eitt

og ég hugsaði
að ef hún opnaði munninn
og talaði
þá myndi skógurinn svara

Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir

Ljóð

karlarnir

það eru tveir menn í lífi mínu

þú
og inspector barnaby

annar ykkar er sá síðasti sem ég hugsa um áður en ég sofna
og hinn er sá fyrsti sem ég hugsa um þegar ég vakna.

djók

þeir eru báðir inspector barnaby.

Margrét Erla Þórsdóttir

Háskólanám erlendis
á sviði skapandi greina

Lingó er vottaður umboðsaðili á Íslandi fyrir **alþjóðlega fagháskóla**. Þetta er einstakt tækifæri til að kynnast **suðupotti hugmynda**, stefnum og straumum víða að úr heiminum. Aðstaða og umhverfi er eins og best gerist og **kennarar eru reyndir fagmenn og sérfræðingar**.

Nám erlendis í **hönnun, miðlun, sjónlistum, stjórnun, sviðslistum, eða tísku** opnar einnig möguleika á að hitta **„rétta“** fólkið og komast áfram á alþjóðlegum markaði.

OPIÐ
fyrir umsóknir

lingó
MÁLAMIÐLUN

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ • SÍMI 562 2220 • WWW.LINGO.IS

Vinnumarkaðs tips!

Í íslensku samfélagi telst afar eðlilegt að börn og ungmenni vinni. Ef við erum í skóla vinnum við hlutavinnu með og erum í fullu starfi í öllum fríum. Ungt fólk er vinsælt vinnuafl. Það er ódýrara að hafa þau í vinnu og oft reynist auðveldara að svindla á því. Eins leiðinlegt og það er þá eru ungmenni ekki jafn dugleg að fræðast um réttindi sín og vita þar af leiðandi oft ekki þegar brotið er á þeim. Örvæntið hinsvegar ekki, því hér koma nokkur skotheld ráð sem allir á vinnumarkaðnum eiga að vita:

Silja Snædal skrifar

Séreignarsparnaður/ viðbótarlífeyrissparnaður

Fyrir alla sem vilja einhvern tímann flytja að heiman (eða allavega reyna) eða eiga auka pening í ellinni er þetta skylda. Allir sem vinna eiga lögum samkvæmt að greiða í lífeyrissjóð en hægt er að velja að greiða líka í séreignarsparnað. Þú getur greitt allt að 4% af laununum þínum í séreignarsjóð og atvinnurekandinn þarf að greiða 2% á móti. Þetta er í raun 2% launahækkun sem þú getur svo notað í útborgun á fyrstu íbúðinni, til að greiða inná lán eða til að taka út þegar þú ert 60 ára og njóta. 2% launahækkun eða ekki? Þetta er ekki flókið.

Veikindadagar

Það kemur fyrir okkur öll að verða veik. Það er bara hluti af mannlegu eðli. Þess vegna er gott að muna að þegar þú hefur unnið á sama vinnustað í mánuð áttu rétt á tveimur launuðum veikindadögum í mánuði. Það þýðir alls ekki að það þurfi að nýta þennan rétt. Það er ekki í lagi að hringja sig inn veikan bara vegna þess að það var dottið hressilega í það á Dubliners kvöldið áður. Ef þú vilt að það sé borin virðing fyrir þér í vinnunni verður þú einnig að bera virðingu fyrir atvinnurekendum og samstarfsfólki.

Ráðningarsamningur

Þegar þú byrjar í nýrri vinnu er mikilvægt að þú skrifir undir ráðningarsamning. Á samningnum eiga ýmsar grunnupplýsingar varðandi starfið að koma fram eins og ráðningartími, vinnutímar, laun og eftir hvaða kjarasamningi er farið svo dæmi sé að nefna. Ráðningarsamningurinn getur skipt sköpum ef brotið er á réttindum þínum í vinnunni og þú þarft að leita hjálpar hjá stéttarfélagi.

Pása

Þú átt alltaf rétt á pásu í vinnunni þinni. Alltaf. Alveg sama hversu lengi þú ert að vinna, þú átt alltaf að fá að hvíla þig. Almenna reglan varðandi pásur er fimm mínútur fyrir hvern klukkutíma. Á átta tíma vakt ættirðu því að fá 40 mínútur í pásu. Þetta er að sjálfsögðu breytilegt eftir vinnustöðum en pásan þín ætti aldrei að vera styttri en þessi regla kveður á um.

Kjarasamningar

Kjarasamningar eru snilld þar sem þeir tryggja þér lágmarksréttindi og laun. Þú átt alltaf að fá borgað að lágmarki eftir kjarasamningnum sem vinnustaðurinn þinn styðst við. Það er mikilvægt að fylgjast vel með útborgun hvers mánaðar og getur þú gert það með því að skoða launaseðilinn þinn. Þar eru launin sundurliðuð svo þú getir séð hversu marga tíma þú vannst á venjulegu kaupi, í yfirvinnu og framvegis. Launaseðilinn er oftast sendur í pósti eða í heimabanka. Kjarasamninga er hægt að nálgast á heimasíðum stéttarfélaganna.

Stéttarfélög

Stéttarfélög halda utan um réttindi launafólks. Þau semja um kaup og kjarasamninga. Það er mikilvægt að vita í hvaða stéttarfélagi þú ert því þú getur alltaf leitað til þíns félags ef brotið er á réttindum þínum eða ef þú ert í vafa varðandi eitthvað sem tengist vinnunni þinni. Ef þú ert ekki viss í hvaða stéttarfélagi þú ert í getur þú spurt yfirmann þinn eða séð það á launaseðlinum. Flest stéttarfélög eru með aðgengilegar vefsíður stútfullar af upplýsingum fyrir fólk á vinnumarkaðnum. Einnig er alltaf hægt að hringja í félagið sitt eða einfaldlega mæta á staðinn. Hafðu samband ef þú ert í vanda (eða vafa).

Því miður lifum við ennþá í samfélagi þar sem brotið er á réttindum launafólks á hverjum einasta degi. Atvinnurekendur eiga að sjálfsögðu að passa upp á að réttindi séu virt en það er ekki alltaf hægt að treysta á það. Því vona ég að sem flestir afli sér upplýsinga varðandi þessi mál og séu óhræddir við að leita réttar síns, hvort sem það er í gegnum atvinnurekanda eða með því að leita til stéttarfélags.

Að lokum vil ég benda á appið Klukk sem allir ættu að ná sér í. Þar er hægt að stimpla sig inn og út úr vinnunni og sjá hvaða laun maður ætti að fá fyrir tímana.

Munum það að öllum á að líða vel í vinnunni og við eigum að bera virðingu fyrir hvort öðru og þar með réttindum hvors annars.

Viltu standa vörð um hagsmuni framhaldsskólanema og hafa áhrif?

Auglýst er eftir framboðum til framkvæmdastjórnar Sambands íslenskra framhaldsskólanema.

Embætti framkvæmdastjórnar eru 7 talsins. Í samvinnu við framkvæmdastjóra sér stjórnin um daglega starfsemi sambandsins ásamt því að sinna fjölbreyttum verkefnum. Meðal annars eru árlega haldnir sambandsstjórnarfundir með fulltrúum nemenda af öllu landinu, sambandið fær til umsagnar frumvörp til laga, tekur þátt í verkefnum með systrasamtökum erlendis, aðstoðar nemendur og nemendafélög ef upp koma vandamál ásamt því að standa að einstaka verkefnum sem stuðla að bættum hag framhaldsskólanema.

Stjórn fundar vikulega á skrifstofu SÍF og þurfa stjórnarmeðlimir að sinna ýmsum verkefnum á milli funda. Nemendur utan af landi eru hvattir til að bjóða sig fram og munu þá sitja fundi í gegnum fjarfundabúnað. Stjónarmeðlimir eru kosnir til eins árs og er mikilvægt að þeir hafi tíma til að sinna starfinu allan þann tíma. (stjórnin fundar ekki í maí, júlí og desember)

Stjórn ber í sameiningu ábyrgð á þeim verkefnum sem koma inn á borð til hennar en verkefni stjórnarmeðlima skiptast í stórum dráttum þannig:

Formaður
Formaður sambandsins er æðsti maður stjórnar. Hann er tengiliður stjórnar við aðilarfélög SÍF og rödd sambandsins út á við.

Varaformaður
Varaformaður vinnur ætíð við hlið formanns, er staðgengill hans og skráir einnig niður fundargerðir á stjórnarfundum og stærri viðburðum SÍF Þá sér varaformaður um að kynna sér lagafrumvörp sem varða málefni framhaldsskólanema og svara þeim (í samvinnu við aðra stjórnarmeðlimi) fyrir hönd stjórnar.

Gjaldkeri
Gjaldkeri sér um fjárhagsmál sambandsins og hefur yfirlit yfir fjárhagsstöðu þess öllum stundum. Hann greiðir framkvæmdastjóra laun ásamt því að faramánaðarlega yfir fjárhagsstöðu sambandsins með honum.

Margmiðlunarstjóri
Margmiðlunarstjóri sér um vef SÍF ásamt því að koma sambandinu á framfæri í gegnum samfélagsmiðla og aðra miðla. Margmiðlunarstjóri er tengiliður SÍF við fjölmiðla.

Alþjóðafulltrúi
Alþjóðafulltrúi er tengiliður stjórnar við OBESSU (Organising Bureau of European School Student Unions) og önnur alþjóðleg samstök. Alla jafna sækir hann viðburði erlendis fyrir hönd SÍF og miðlar reynslu sinni af þeim viðburðum til stjórnar.

Forvarnar- og jafnréttisfulltrúi
Forvarnar- og jafnréttisfulltrúi er í fararbroddi í þeim verkefnum sem snúa að jafnréttis- og forvarnarmálum í skólum, t.d.að allir hafi aðgengi að menntun.

Verkefnastjóri
Verkefnastjóri hefur yfirumsjón með verkefnumsem tengjast ekki þeim sértækum verkefnum annarra stjórnarmeðlima. Sem dæmi heldur hann utan um skipulagningu afmælis SÍF og Alþjóðlegan dag stúdenta,17. nóvember. Í samvinnu við framkvæmdastjóra sér verkefnastjóri um skipulagningu sambandsstjórnarfunda.

Allir framhaldsskólanemar eru eindregið hvattir til þess að bjóða sig fram.

samband íslenskra framhaldsskólanema

Framboð skulu berast framkvæmdastjóra (neminn@nemin.is) fyrir kl.12 á hádegi 17. september. Kjör í framkvæmdastjórn SÍF fer fram á aðalþingi sambandsins í Háskólanum í Reykjavík þann dag. Frambjóðendum mun gefast kostur á að gera grein fyrir framboði sínu á aðalþinginu óski þeir þess.

Spurningar varðandi störf og framboð berist til stjórnarmeðlima. Netföng þeirra má finna á vef SÍF, neminn.is.

Framkvæmdastjórn SÍF

Eftirtaldir styrktu útgáfuna

Glæðir blómaáburður

Framhaldsskólinn á Laugum

Verslunarmannafélag Suðurnesja

Sólrún ehf

Súðavíkurhreppur

A Óskarsson	Heiðargerði 8	230	Keflavík
Akrahreppur	Miklabæ	560	Varamhlíð
Apótek Vesturlands	Smiðjuvöllum 38	105	Reykjavík
Bakkaflöt Riverrafting	Varmahlíð	545	Skagaströnd
Baugsbót ehf	Frostagötu 13	600	Akureyri
Bílasmiðurinn ehf	Bíldshöfða 16	112	Reykjavík
Björn Harðarson	Holti 1	801	Selfoss
Blikk og tækniþjónustan	Kaldbaksgötu 2	600	Akureyri
Blikkrás ehf	Óseyri 16	603	Akureyri
Bókasafn Reykjanesbæjar	Hafnargötu 57	230	Keflavík
Bókasafn Ölfus	Hafnarbergi 1	815	Þorlákshöfn
Deloitte Keflavík	Hafnargötu 9	230	Keflavík
DMM lausnir	Iðavöllum 96	230	Keflavík
Dýralækningaþjónustan	Stuðlum	801	Selfoss
Efnamóttakan	Gufunesi	112	Reykjavík
Eldhestar ehf	Völlum	810	Hveragerði
Ferðaskrifstofa Viking Tours	Tjarnargötu 7	900	Vestmannaeyjar
Fersk Fiskur	Bæjarhrauni 8	220	Hafnarfjörður
Fjölbrautarskóinn í Breiðholti	Austurvegi 5	111	Reykjavík
Fjölbrautarskóli Norðurlands	Sæmundarhlíð	550	Sauðárkrókur
Flugger ehf	Stórhöfða 44	112	Reykjavík
Fossvélar	Hellismýri 7	800	Selfoss
Fótaaðgerðarstofa Ásdísar	Vesturgötu	101	Reykjavík
Framhaldsskólinn á Húsavík	Stóragerði 10	640	Húsavík
Friðrik Jónsson ehf	Borgarröst 8	550	Sauðárkrókur

Geiri ehf	Bíldshöfða 16	110	Reykjavík
Geisli Gleraugnaverslun	Mýrarvegi 1	600	Akureyri
Græni Hatturinn	Klettaborg 25	600	Akureyri
Guðnabakarí	Austurvegi 31b	800	Selfoss
Guesthouse Borg	Borgarhrauni 2	240	Grindavík
Gullfosskaffi	v/ Gullfoss	801	Selfoss
Hafás Rafstöðvar	Rauðhellu 9	220	Hafnarfjörður
Hjartaheill	Síðumúla 6	108	Reykjavík
Höfðakaffi	Vagnhöfða 11	112	Reykjavík
Ice group	Iðavöllum 7a	230	Keflavík
Litlalón ehf	Skipholti 8	355	Ólafsvík
Loft og Raftæki	Hjallabrekku 1	200	Kópavogur
Menntaskóli Borgarfjarðar	Borgarholti 54	310	Borgarnes
Menntaskólinn á Ísafirði	Torfnesi	400	Ísafjörður
Norðurpóll	Laugabrekku	650	Laugar
Nýji Ökuskólinn	Klettagörðum 11	104	Reykjavík
O Johnson og Kaaber	Tunguhálsi 1	110	Reykjavík
Pétursey	Flötum 31	900	Vestmannaeyjar
Rúnar Óskarsson	Hrísateig 5	641	Húsavík
Samstaða Stéttarfélag	Þverbraut 1	540	Blönduós
Set ehf	Eyrarvegi 41-45	800	Selfoss
Sigurbjörn	Grímsey	611	Grímsey
Snyrtistofa Grafarvogs	Hverafold 1-3	112	Reykjavík
Sveitafélagið Ölfus	Hafnarbergi 1	815	Þorlákshöfn
Vélvík ehf	Höfðabakka 1	112	Reykjavík

samsungmobile.is

samsungaislandi